

Vinur Dóra fékk Grammy-verðlaunin:

Blúspíanóleikarinn Pinetop Perkins, sem tók upp sína fyrstu sólóplötu með hljómsveitinni Vinum Dóra árið 1992, fékk heiðursverðlaun fyrir æviframlag sitt til tónlistar á nýafstaðinni Grammy-verðlaunahátíð. **SÍÐA 34**



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. febrúar 2005 – 48. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

NÝR FOR- MAÐUR

Fjögur atkvæði skildu menn að í kosningu um formanns-embætti í Félagi grunnskólakennara. Ólafur Loftsson tekur við af Finnþoga Sigurðssyni. **Sjá síðu 2**



SKILYRÐI UPPFYLLT

Öll skilyrði sem sjávarútvegsráðuneytið setur um byggðakvóta eru uppfyllt af bæjarstjórn Sandgerðis, að sögn Árna M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra. **Sjá síðu 2**


MANNSKÆÐAR ÁRÁSIR

Að minnsta kosti 50 manns létust í sprengjuárásum uppreisnarmanna í Irak í gær þegar Ash-houra, trúarhátíð sjía-múslima, náði hámarki. **Sjá síðu 4**

FRAM ÚR BJÖRTUSTU VONUM

Lokakeppni Food and Fun hátíðarinnar var haldin í gær í Hafnarhúsinu í Reykjavík og sótti mikill mannfjöldi keppnina. Hátíðin gekk framar vonum. **Sjá síðu 4**

VEDRIÐ Í DAG



DÁLÍTL SÚLD VESTAN TIL og þungubúið. Bjartviðri um austanvert landið. Milt í veðri og hiti víðast 3-8 stig. **Sjá síðu 4**


DAGURINN Í DAG



NJARÐVÍK Í GRAFARVOGI Fimm leikir verða í InterSport-deild karla í körfubolta klukkan 19.15. Fjölirnir tekur á móti Njarðvík, KR sækir KFÍ heim, Keflavík og Hamar/Selfoss mætast, Tindastóll tekur á móti Skallagrími og Snæfjell sækir ÍR heim.

Kvikmyndir	30	Myndlist	30
Tónlist	30	Íþróttir	24
Leikhús	30	Sjónvarp	32

Dagblaðalestur á sunnudögum*



FRÉTTABLAÐIÐ Morgunblaðið

*Landið allt skv. fjölmötlakönnun Gallups, nóv. 2004.

Menn vopnaðir hnífum rændu lyfjum í apóteki:

Of miklir klaufar til að ná peningum

LÖGREGLUMÁL Tveir menn ógnuðu starfsfólki með hnífum í Árbæjarapóteki í hádeginu í gær og höfðu á brott með sér talsvert magn að örvandi lyfjum. „Þeir reyndu að opna peningahirslur en báru sig svo klaufalega að þeir brutu þær bara en náðu engum peningum“, sagði Kristján Steingrímsson apótekari.



ÁRBÆJARAPÓTEK
Tveir grímuklæddir menn ógnuðu starfsfólki með hnífum og hurfu á brott með örvandi lyf.

Mennirnir sem taldir eru vera um tvítugt voru klæddir í samfesting og með grímu. Eftir að þeir höfðu látið greipar sópa hlupu þeir og hurfu sjónum starfsfólksins. Ekki saust þeir fara inn í bíl eða hvort þeir notuðu

annað farartæki. Engin myndavél er í apótekinu en úr því verður bætt hið fyrsta eftir þennan atburð, sagði Kristján. Myndavél hefði þó litlu breytt í þessu tilfelli þar sem þeir voru með öllu óþekktanlegir. Lögreglan hefur því engar grunsemdir um hverjir þjófarnir eru. Tvær stúlkur voru við afgreiðslu og voru þær að vonum skelkaðar en apótekinu var lokað skömmu síðar og þær fengu að fara heim að jafna sig.

Ekki var búið að finna ræningjana þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld.

- jón



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KONUDAGURINN ER Í DAG Hjartadeildin var opnuð yfir helgina í Blómabúðinni Blómálfnum í tilefni konudagsins og gat þar að lita hjörta af öllum stærðum og gerðum. Blómabændur hafa frá því á sjötta áratug síðustu aldar hvatt karlmenn til að gleðja konu sína með blómum á konudaginn og hafa þeir brugðist vel við þeim tilmælum. Búast má við að örtröð verði í blómabúðum landsins í dag og opnuðu þær margar snemma.

Ósáttir með leyfi Brims til veiða

Smábátasjómenn eru ævareidur vegna leyfis til dragnótaveiða í innanverðum Eyjafirði. Ráðuneytið vildi koma til móts við fiskeldi Brims en smábátasjómenn segja afkomu sinni ógnað og lífríki sé í hættu.

SMÁBÁTAÚTGERÐ Dragnótaveiðar eru að öllu jöfnu bannaðar innan við Hríseyjarvíta. Brim fiskeldi hefur fengið tímabundna undanþágu þar til veiða á 100 tonnum af þorski til áframeldis, segir Þóroddur Eypórs-son, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu. Undanþágan er bundin við Sólborgu ÞH og tímabilinu 15. febrúar til 8. apríl.

„Við erum að liðka fyrir með þessu og reyna að gera þeim kleift að ná fiskinum sem næst kvínum. Þannig er hugsanlega hægt að koma í veg fyrir óþarfa afföll. Sólborg getur hins vegar veitt 100 tonninn hvar sem er og því óvíst hversu mikið veiðist á svæðinu“, segir Þóroddur.

Pétur Sigurðsson, formaður Kletts, félags smábátaeigenda á Norðurlandi eystra, segir mjög almenna óánægju meðal smábátaeigenda í Eyjafirði með undanþáguna.

„Veiðar með dragnót og veiðar smábáta fara ekki saman og hætta er á að dragnótin skemmi veiðar-



PORSKUR SETTUR Í FISKELDISKVÍAR BRIMS Í EYJAFIRÐI
Sólborg ÞH-270 er 116 brúttótónna stálbátur, smíðaður í Kína árið 2001. Pétur Sigurðsson, talsmaður smábátasjómannna, er á innfelldu myndinni.

færi smábáta. Undanþágan getur kostað að við getum ekki stundað veiðar innst í Eyjafirði á meðan undanþágan er í gildi og það sættum við okkur ekki við. Einnig höfum við áhyggjur af hafsbotninum en veiðar með dragnót innst í Eyjafirði geta raskað lífríki svæðisins og skemmt ómetanlegar náttúruminjar eins og hverastrýtur sem þar eru“, segir Pétur.

Eftir að smábátasjómenn í Eyjafirði höfðu samband við ráðuneytið tilkynnti Brim að Sólborg myndi ekki stunda veiðar innan við Hríseyjarvíta frá mánudeginum en Pétur segir að yfirlýsingin nægi ekki.

„Málið snýst ekki um að við séum reiðir út í Brim heldur erum við illir út í ráðuneytið. Við viljum að undanþágan verði afturkölluð strax.“

- kk



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SKAUTADANS
Börn sýndu listir sínar í Skautahöllinni á Vetrarhátíð í gær.

Vetrarhátíð: Síðasta andvarpið

HÁTÍÐ Vetrarhátíð í Reykjavík lýkur í dag og hefur dagskráin verið afar fjölbreytt og skemmtileg. Opíð hús verður víða í dag í tengslum við hátíðina og verður meðal annars opíð hús hjá Slökkviliði Reykjavíkur, Landhelgisgæslunni og hjá Söngskólunum í Reykjavík. Hátíðinni lýkur svo í kvöld í Perlunni með verkinu Síðasta andvarpið, þar sem Sigtryggur Baldursson og fleiri trommuleikarar munu flytja verk fyrir endurvarpsparabolur og brotajárn sem tvinnast við leik Ghostigital. Brot úr myndinni Sumarsólstoður eftir Emiliano Monaco verður ennfremur sýnt.

Sjá síðu 31

Nýr forstjóri Flugleiða:

Komin á toppinn í flugheiminum

SÍÐA 12



Ingólfur Guðbrandsson:

Dýrkar æsku og heilbrigði

SÍÐA 18





SPURNING DAGSINS

Pórunn, hvers óskarðu helst á þessum dekurdegi kvenna?

Væri voða mikið til í að fá fallegan blómvönd frá manninum mínum, enda er ég mjög róleg yfir þessum degi og vil helst eyða honum í faðmi fjölskyldunnar.

Pórunn Högnadóttir stíllisti sést æ oftast á sjónvarpskjánum í þætti Völu Matt á Skjá einum. Þar hrærist hún í tiskustráum og -stefnum.



FORSÆTISRÁÐHERRANN

Jose Luis Zapatero, forsætisráðherra Spánar, heldur í miða þar sem áletrað er „já“.

Spánn:

Kosið um stjórnarskrá

SPÁNN, AP Þjóðaratkvæðagreiðsla um nýja stjórnarskrá Evrópusambandsins fer fram á Spáni í dag.

Spánverjar verða þar með fyrsta þjóðin til að kjósa um stjórnarskrána en tíu aðrar þjóðir innan sambandsins hafa tilkynnt að þær ætli að bera hana undir þjóðaratkvæði. Ef eitt ríki neitar að staðfesta stjórnarskrána tekur hún ekki gildi.

Talið er víst að stjórnarskráin verði samþykkt á Spáni. Hins vegar ríkir óvissa um kosningabátt-tökuna en um 35 milljónir Spánverja eru á kjörskrá. Leiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins undirrituðu stjórnarskrána í Róm í lok október.

KJARAMÁL

TÆP 72 PRÓSENT SAMÞYKKTU Allir nema tveir starfsmenn Sementsverksmiðjunnar á Akranesi kusu um nýgerðan kjarasamning. Tæplega 72 prósent samþykktu hann samkvæmt tölum Verkalýðsfélags Akraness sem segir heildarkostnaðaráhrif samningsins vera um nítján prósent á samningstímabilinu.

Hvatt til friðsamlegrar uppreisnar gegn Sýrlendingum í Líbanon:

Sameinuðu þjóðirnar rannsaka morðið

LÍBANON, AP Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, ætlar að senda hóp sérfræðinga til Líbanons til að rannsaka morðið á Rafik Hariri, fyrrum forsætisráðherra landsins.

Annan tók ákvörðunina eftir að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna óskaði eftir upplýsingum um morðið, ástæður þess og hugsanlegar afleiðingar. Írinn Peter Fitzgerald mun leiða hóp sérfræðinganna sem munu fara til Beirút á næstu dögum. Sameinuðu þjóðirnar senda hópinn til Líbanons þrátt fyrir að Suleiman Franjeh, innanríkisráðherra landsins, hafi hafnað allri utanaðkomandi aðstoð við rannsóknina.

Menn andsnúnir ítökum Sýrlendinga í Líbanon hvöttu í fyrradag til friðsamlegrar uppreisnar gegn Sýrlendingum en þeir eru grunaðir um morðið á Hariri. Franjeh segir að stjórnvöld muni ekki umbera neins konar ófrið og hótar að siga hernum á mótmælendum. Leiðtogi Hizbollah samtakanna segir hættu á borgarastyrjöld komi til uppreisnar gegn Sýrlendingum.

SYNIR HARIRI

Bahaa Hariri og Saadeddine Hariri skoðuðu í gær staðinn þar sem faðir þeirra, Rafik Hariri fyrrum forsætisráðherra, var myrtur á mánudaginn.



Formaður féll á fjórum atkvæðum

Fjögur atkvæði skildu menn að í kosningu um formannsembætti í Félagi grunnskólakennara. Ólafur Loftsson tekur við af Finnboaga Sigurðssyni. Kosið var um ólíkar áherslur, segir nýkjörinn formaður.

KJARAMÁL Ólafur Loftsson, formaður Kennarafélags Reykjavíkur, var kosinn formaður Félags grunnskólakennara á aðalfundi félagsins sem haldinn var á föstudag og laugardag á Hótel Selfossi.

Ólafur velti formanni félagsins til þriggja ára, Finnboaga Sigurðssyni, úr stóli í kosningu á föstudaginn. Fjögur atkvæði skildu þá að, 46 á móti 42. Guðrún Guðmundsdóttir bauð sig einnig fram og hlaut fimmtán atkvæði.

Finnbogi Sigurðsson, fráfarandi formaður, segir ekki ósennilegt að erfitt verkfall grunnskólakennara í vetur hafi átt sinn þátt í niðurstöðunni.

„Í Félagi grunnskólakennara eru rúmlega fjögur þúsund félagsmenn. Það eru 104 fulltrúar á þessum aðalfundi sem vinna í umboði hinna sem heima sitja. Þetta er niðurstaðan og heitir lýðræði,“ segir Finnboagi.

KOSIN Í STJÓRN FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA:

- Ólafur Loftsson, formaður – Reykjavík
- Sesselja G. Sigurðardóttir – Hafnarfirði – endurkjörin
- Þórður Hjaltested – Mosfellsbæ – endurkjörin
- Valgerður Eiríksdóttir – Reykjavík
- Paloma Ruiz Martinez – Kópavogi



FINNBOGI SIGURÐSSON OG ÓLAFUR LOFTSSON

Bæði Finnboagi og Ólafur stóðu í framlínunni í verkfallinu. Finnboagi sat kjarafundina og upplýsti gengi þeirra í verkfallsmiðstöðvum. Ólafur rak verkfallsmiðstöðina í Borgartúni.

Aðspurður hvort flestir fulltrúanna séu ekki af höfuðborgarsvæðinu þar sem staða Ólafs hafi verið sterk segir Finnboagi: „Nei, ég vil nú ekki meina það, en höfuðborgarsvæðið ræður jú töluvert mörgum atkvæðum, töluvert mörgum.“

Ólafur segir erfitt kennaraverkfall ekki hafa haft áhrif á niðurstöðuna. Kosið hafi verið um ólíkar áherslur. Hann segir að efla þurfi innra starf félagsins. Auk þess þurfi að huga að drögum að kjarastefnu þess.

„Kosningar eru kosningar og svona er vilji fundarins. Það er ekkert sem bendir til annars en að við förum sterk út af fundinum og

komum til með að vinna sameiginlega að okkar stefnumálum,“ segir Ólafur.

Aðalfundur grunnskólakennara er haldinn þriðja hvert ár í tengslum við þing Kennarasambandsins. Fundinn sitja stjórn, formenn svæðafélaga og einn fulltrúi kennara fyrir hverja fimmtíu félagsmenn.

Finnbogi er með starfssamning hjá Kennarasambandi Íslands fram í ágúst. Hann er í leyfi frá kennslu í Fellaskóla í Breiðholti. Ólafur starfar sem kennari í Foldaskóla í Grafarvogi og á eftir að ganga frá málum þar áður en hann hefur störf hjá Kennarasambandinu. gag@frettabladid.is

Banaslysi á Landmannaleið:

Nafn mannsins sem lést

ANDLÁT Maðurinn sem lést í vélsleðaslysi á Landmannaleið í fyrrinótt hét Bjarni Sveinsson og var til heimilis að Þernunesi 7 í Garðabæ. Hann lætur eftir sig eiginkonu, fjögur börn og eitt barnabarn.



BJARNI SVEINSSON

Bjarni var matreiðslumaður og athafnamaður. Hann stofnaði ásamt eiginkonu sinni samlokufyrirtækið Sóma árið 1978 sem hann rak til ársins 1993 og var hluteigandi í fyrirtækinu til ársins 2003. Hann var mikill áhugamaður um vélsleðamennsku og hafði stundað hana allt frá árinu 1980. – jón

Norður-Kórea:

Vilja ekki viðræður

KÍNA, AP Stjórnvöld í Norður-Kórea útiloka nú tvíhliða viðræður við Bandaríkjastjórn um kjarnorkuætlun landsins. Kínverska fréttastofan Xinhua hafði þetta eftir embættismanni norður-kóreska utanríkisráðuneytisins í gær.

Yfirlýsingin kemur nokkuð á óvart því stjórnvöld Norður-Kórea höfðu í tvö ár reynt að fá Bandaríkin til að taka þátt í tvíhliða viðræðum. Skilaboðin frá embættismanninum voru á þann veg að norður-kóresk stjórnvöld hefðu ekki áhuga á að ræða við ríkisstjórn lands sem hefði það ofarlega í forgangslista sínum að koma ríkisstjórn Norður-Kórea frá völdum. Norður-Kórea hefur einnig hætt sex ríkja viðræðunum um kjarnorkuáætlun landsins.

Ráðuneytið hvetur til samstarfs bæja við útgerðir og vinnslur:

Sandgerði uppfyllir skilyrði sjávarútvegsráðuneytisins

BYGGÐAKVÓTI Öll skilyrði sem sjávarútvegsráðuneytið setur um byggðakvóta eru uppfyllt af bæjarstjórn Sandgerðis, að sögn Árna M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra. Samningur aðildarfélags sem úthlutar byggðakvóta bæjarins hafi verið skoðaður af ráðuneytinu.

„Síðan er það sveitarfélaganna að úthluta kvótanum á þeim nótum sem samræmast góðri stjórn-sýslu,“ segir Árni. Það sé ekki ráðuneytisins að ráða hvort samningurinn standist lög.

Árni segir ekki standa til að gera stórkostlegar breytingar á byggðakvótaúthlutuninni. „Fyrir rúmu ári voru gerðar miklar breytingar. Við höfum verið að

þróa okkur áfram meðal annars með því að hvetja til samstarfs vinnslu og veiða og samstarfs við sveitarfélögin. Sums staðar hafa sveitarfélögin forgöngu með þetta eins og í Sandgerði. Annars staðar vilja sveitarfélögin ekki hafa forgöngu um úthlutunina og þá er kvótanum úthlutað hlutfallslega.“

– gag

ÁRNI M. MATHIESEN

Segir aðildarfélag sem Sandgerðisbær, landvinnslur í bænum og útgerðir sem eiga þar heimahöfn eru í standast skilyrði sem sjávarútvegsráðuneytið setur. Það hafi jafnvel hvatt til slíkrar samvinnu.



Apollo hefur numið land!
– ein stærsta leiguflugs-ferðaskrifstofa á Norðurlöndum.

Nýjar víddir í sólarferðum
í samstarfi við Langferðir og Iceland Express.

- Flug á sólarströnd með viðkomu í Kaupmannahöfn.
- Kynntu þér einstak vortilboð **Netklúbbs Iceland Express** og á heimasíðu okkar, www.kuoni.is.
- Sætaframboð takmarkað.

Verð frá **55.995 kr.**
á mann með öllum sköttum

Innifalið: Flug milli Íslands og Kaupmannahafnar með Iceland Express, hóteli í Kaupmannahöfn, vikupakki með Apollo með gistingu í tvíþýli, ferðir til og frá flugvelli á áfangastað, þjónusta danskra fararstjóra og allir flugvallarskattar.

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.langferdir.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

LANGferðir **apollo**



Í forystu með TM Software


TölvuMyndir hafa breytt nafni sínu í **TM Software** vegna aukinna umsvifa erlendis.

TM Software er eitt af framsæknustu fyrirtækjum í upplýsingatækni hér á landi. Fyrirtækið rekur starfsstöðvar í 12 löndum og þjónar rúmlega 1.500 viðskiptavinum um allan heim. Hjú TM Software starfa um 400 manns og meðal þeirra eru fremstu sérfræðingar í sínu fagi. TM Software er í fremstu röð við ráðgjöf, þróun og rekstur hugbúnaðar og býður fjölbreyttar lausnir í nánu samstarfi við virtustu upplýsingatæknifyrirtæki heims, svo sem Microsoft, IBM, Oracle, CA og Swisslog.

TM Software hefur með öflugri vöruþróun og nánu samstarfi við kröfuharða viðskiptavini skapað lausnir sem eru leiðandi bæði hérlendis og erlendis.

Á undanförunum árum hefur TM Software fjórum sinnum hlotið viðurkenningu sem eitt af 500 framsæknustu fyrirtækjum Evrópu.

TM Software býður fjölbreytt úrval lausna:



MIXA • III • 05/25

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 18.02.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	61,73	62,03
Sterlingspund GBP	116,91	117,47
Evra EUR	80,52	80,98
Dönsk króna DKK	10,82	10,88
Norsk króna NOK	9,72	9,77
Sænsk króna SEK	8,86	8,91
Japanskt jen JPY	0,59	0,59
SDR	XDR	93,68 94,24

Gengisvísitala krónunnar
110,70 -0,22%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Food and Fun: Heitur áhugi gesta

HÁTÍÐ Lokakeppni Food and Fun hátíðarinnar var haldin í gær í Hafnarhúsinu í Reykjavík og sótti mikill mannfjöldi keppnina. Áberandi var brennandi áhugi gesta á matseld og fylgdist grannt með allri sýnikennslu.

Talsmenn hátíðarinnar segja að hátíðin í ár hafi gengið framur vonum og hafi áhugi erlendra blaðamanna verið mikill og líklegt er að gerð verði sérstök heimildarmynd um hátíðina. Andrúmsloftið var afslappað og skemmtilegt og það virtist ganga vel upp að halda matar-

hátíð í húsi listasafnsins sem áður var gamall fiskmarkaður.

Þetta er fjórða árið í röð sem hátíðin er haldin og í ár var hún haldin í samstarfi við vetrarhátíð í Reykjavík. Áður en keppni hófst í gær var undirritaður samstarfssamningur Reykjavíkur og Food and Fun hátíðarinnar til þriggja ára og nokkuð víst að hátíðin er komin til að vera.

- kep

MATARLYST Á LISTASAFNI
Lokakeppni Food and Fun fór fram á Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í gær.



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN



MARGOT WALLSTRÖM

Margir bundu vonir við að Wallström tæki við af Göran Persson.

Kosningar í Svíþjóð: Wallström fer ekki fram

NORÐURLÖND Margot Wallström hefur tilkynnt að hún muni ekki bjóða sig fram í þingkosningunum í Svíþjóð árið 2006, þar sem hún telur stöðu sína hjá Evrópusambandinu ekki bjóða upp á það, en hún er varaforseti framkvæmdastjórnar ESB.

Wallström telur að það sé ekki við hæfi að hún blandi sér í stjórnmál heima fyrir en sér ekkert atgavert við það að yfirmaður hennar, José Manuel Barroso, bjóði sig fram í heimalandi sínu Portúgal. Nafn Wallström hafði verið í umræðunni um hver gæti tekið við þegar Göran Persson hætti sem formaður Jafnaðarmannaflokksins.

NORÐURLÖND

LÉST EFTIR BÍLBRUNA Maður á tvítugsaldri lést eftir að bíll sem hann var í sprakk og brann til kaldra kola í Vestfold í Noregi. Bíllinn var á bílastæði þegar skyndilega kviknaði í honum. Ekki er vitað um orsök brunans.

EFTIRLIT MEÐ INNFLYTJENDUM Svíar hyggjast nú auka eftirlit með dönskum innflytjendum en mikið er um að Danir flytji heimilisfang sitt til Svíþjóðar en búi áfram í Danmörku. Margir Danar sækjast eftir búsetu í Svíþjóð til að geta meðal annars keypt ódýrari bíla.

Fimmtíu létust í sprengjuárásum

Uppreisnarmenn myrtu fólk við moskur og helgidóma þegar Ashoura-trúarhátíðin náði hámarki. Þjóðaröryggisráðgjafi Íraka óttast ekki trúarlegt stríð.

ÍRAK, AP Að minnsta kosti 50 manns létust í sprengjuárásum uppreisnarmanna í Írak í gær þegar Ashoura, trúarhátíð sjíamúslíma, náði hámarki. Meira en hundrað manns særðust í árásunum. Talið er að sunnímúslímar hafi skipulagt árásirnar og eru flestir hinna látnu sjíamúslímar. Í fyrradag létust 36 í árásum uppreisnarmanna.

Þetta er annað árið í röð þar sem umfangsmiklar árásir eru gerðar á meðan Ashoura-trúarhátíðin stendur yfir. Í fyrra lést 181. Flestar árásirnar í gær voru gerðar í hverfum sjíamúslíma í Bagdad en einnig voru árásir annars staðar í landinu.

Sjíamúslímar unnu stórsigur í kosningunum í lok janúar og er óttast nú sé að myndast gjá milli þeirra og sunnímúslíma sem sniðgengu kosningarnar að miklu leyti.

„Árásir hryðjuverkamanna, sem kalla sig múslíma, á moskur og helgidóma sjíamúslíma eru ekkert annað en tilraun til að koma af stað trúarlegu stríði,“ segir Mouwaffaq al-Rubaie, þjóðaröryggisráðgjafi Íraka. „Írakar munu ekki leyfa því að gerast.“

Al-Rubaie segir hryðjuverka-leiðtogann Abu Musab al-Zarqawi og fyrrverandi fulltrúa Baath-stjórn málaflokksins standa á bak við árásirnar.

Hillary Clinton, öldungadeildarþingmaður og eiginkona Bill Clinton, fyrrum Bandaríkjafor-



SKÁLMOLD Á TRÚARHÁTÍÐ

Bandarískir hermenn skoða lík uppreisnarmanns sem var myrtur í Mosul í gær. Skálmöld ríkti í landinu þegar ein helsta trúarhátíð sjíamúslíma stóð yfir.

seta, kom til Bagdad í gær ásamt bandarískri sendinefnd.

„Sú staðreind að uppreisnarmenn skuli gera árásir meðan á trúarhátíð stendur yfir og fólk biður er fyrir mér merki um órvæntingu,“ sagði Hillary Clinton. „Uppreisnarmönnum er að mistakast ætlunarverk sitt sem

er að skapa ringulreið og borgarastyrjöld.“

Ashoura-trúarhátíðin er haldin til að minnast andláts Imam Hussein, barnabarns Múhameðs spámanns. Hussein var myrtur á sjöundu öld og er grafinn við gulli sleginn helgidóm í borginni Karbala.

Atlantsolía: Stöð opnuð í Reykjavík

SAMKEPPNI Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri opnar fyrstu bensinstöð Atlantsolíu í Reykjavík klukkan hálf þrjú í dag.

Hugi Hreiðarsson, markaðs- stjóri Atlantsolíu, segir stefnt að því að opna fleiri stöðvar á höfuðborgarsvæðinu fyrir árslok. Einnig sé horft til Hellu, Hvolsvallar, Selfoss, Njarðvíkur og Ísafjarðar.

Bensinstöðin sem opnar nú er við enda Bústaðavegar á mótum Reykjanesbrautar. Hún er sjálfsafgreiðslustöð, en Hugi segir að fyrstu mánuðina leiðbeini starfsmaður Atlantsolíu nýjum viðskiptavinum.

- gag

LÖGREGLUFRETTIR

KEYRÐI ÚT Í TJÖRN Jeppi keyrði út af vegi í gær við Fagradal rétt austan við Vík í Mýrdal og lenti út í tjörn. Það hvelsprakk á jeppanum, sem er breyttur og á stórum dekkjum, og það varð til þess að ökumaður ok út af vegi. Minniháttar eymsli voru hjá öikumanni og farþega. Bíllinn er eitthvað skemmdur og var öökufær.

HALD LAGT Á FÍKNIEFNI Lögreglan í Vestmannaeyjum lagði í gær hald á kannabesefni í fórum eins farþega frá Herjólfu og eins farþega sem kom með flugi. Í bæði skiptin var um lítið magn að ræða og talið að efnin hafi verið ætluð aðeins til einkaneyslu.

ÁGÆT FÆRD Góð vetrarfærð er víðast um landið og útlit fyrir góða færð næstu daga miðað við veðurspár. Á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra er víða hálka eða hálkublettir en hálka er með minnsta mótí í öðrum landshlutum. Ökumönnum sem eru á ferð snemma morguns eða seint að kveldi eru þó beðnir að fara varlega þar sem hætta er á að ísing leynist á vegum.

Veðrið


FLOTT VEÐUR FYRIR AUSTAN

Hæglætisveður er í kortum dagsins. Það er einna helst að það verði dálítil vindur á annesjum fyrir norðan. Súldarflákar munu fylgja vestanverðu landinu en fyrir austan ætti að verða hið fegursta veður. Bjartviðri og milt. Gerist ekki betra í febrúarmánuði. Svipað veður á landinu næstu daga. Hitti fjölmarga á göngu í gær og þeim fannst mörgum hverjum vorlykt í loftinu. Gott þegar veðrið rifjar upp jákvæðar minningar!!




Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfæðingur


Í dag um hádegi



Á morgun



Þriðjudagur




Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	3°C alskýjað	Paris	1°C alskýjað	Torrevieja	17°C skýjað
Osló	3°C léttskýjað	Prag	1°C alskýjað	Róm	12°C skýjað
Stokkhólmur	3°C skýjað	Amsterdam	4°C skýjað	New York	2°C léttskýjað
London	6°C skýjað	Varsjía	-2°C alskýjað	Miami	26°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

SÖKKTU ÞÉR Í HÁSKÓLANÁMIÐ



NÁMSKYNNING Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

27. FEBRÚAR

www.hi.is



SIMPLY CLEVER

Skoda Octavia 

UPPSELÐUR!



Octavia

Íslendingar kunna greinilega gott að meta.
Fyrsta sendingin af Skoda Octavia seldist upp á rúmri viku.
Næsta sending af þessum frábæra bíl er væntanleg.

Við erum þegar farin að taka niður pantanir, svo það er góð hugmynd
að hafa samband sem fyrst og tryggja sér lúxusbíl á lágmarksverði.

Þökkum góðar viðtökur.





KJÖRKASSINN

Á að banna reykingar á veitingastöðum?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	61%
Nei	39%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að afnema stimpilgjöld?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Sýkingavarnardeild Landspítala – háskólasjúkrahúss:

Níu mosa-tilfelli það sem af er árinu

HEILBRIGÐISMÁL Mosa-sýkingarbakteríur hafa fundist í níu manns hér frá áramótum, að sögn Ólafs Guðlaugssonar yfirlæknis sýkingavarnadeildar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Af þeim var einungis einn með sýkingu en hinir eru „berar“, sem svo er kallað, og kenndu sér því einskis meins.

„Allir þessir höfðu einhver tengsl við útlönd og margir höfðu legið þar á sjúkrahúsum,“ sagði Ólafur.

Hann sagði að munur á sýkingarstigi og berastigi væri skýr. Á fyrra stiginu fengi fólk sýkingareinkenni, en á hinu síð-

ara bæru menn bakteríuna utan á sér og fengju engin einkenni. Berastigið væri miklu algengara.

„Þegar fólk kemur frá útlöndum, hvort um er að ræða sjúklinga eða starfsfólk, athugum við hvort það sé það sem kallað er „berar“. Þetta hefur gert okkur kleift að halda bakteríunni algerlega frá sjúkrahúsinu, þannig að hún er ekki til staðar hér í neinu formi undir venjulegum kringumstæðum. Þegar fólk kemur frá útlöndum setjum við það í einangrun og tökum stök sem sett er í ræktun. Við reynum að hafa aðstandendur

þess líka í einangrun. Ef bakterían finnst er oftast farið í að uppræta hana.“

Ólafur sagði að til þessa væri ekki vitað um eitt einasta tilfelli sem sýkst hefði inni á Landspítalanum sjálfum á þessu ári.

- jss



LOKANIR

Loka þurfti nokkrum stofum á hjartadeild LSH í síðustu viku þar sem mosa-sýkingarbaktería fannst í sjúklingi sem var að koma af sjúkrahúsi í útlöndum.

Grásleppa: Vertíðin stýtt um þriðjung

HROGNAMARKAÐIR Vegna verðfalls á grásleppuhrognum og umframþingda frá síðustu vertíð telur Landssamband smábátæigenda nauðsynlegt að takmarka framboð á hrognum í ár.

Því hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið að stytta komandi grásleppuvertíð um þriðjung og verður hún 60 dagar í stað 90 í fyrra. Mismunandi er eftir veiðisvæðum hvenær veiðar mega hefjast en grásleppusjómenn á Reykjanesi halda fyrstir til veiða 15. mars næstkomandi.

- kk

Misnotkun á börnum:

756 prestar ásakaðir

BANDARÍKIN. AP Rómversk-kaþólsku kirkjunni í Bandaríkjunum bástur á síðasta ári 1.092 nýjar ásakanir um kynferðislega misnotkun presta á börnum.

Alls eru 756 kaþólskir prestar og djáknar sakaðir um brotin sem flest áttu sér stað fyrir mörgum árum síðan. Kathleen McChesney, talsmaður kirkjunnar, segir að ríflega 70 prósent af þeim sem eru ásakaðir séu látnir. Á síðasta ári tilkynnti rómversk-kaþólska kirkjan að 4.392 prestar hefðu verið sakaðir um kynferðislega misnotkun á börnum frá árinu 1950 til 2002.

NORÐURLÖND

KARL HLÝTUR BÓKMENNTAVERÐLAUN Rithöfundurinn Karl Ove Knausgård fékk í gær P2 bókmenntaverðlaun lesenda fyrir bók sína Allt hefur sinn tíma. Skáldsaga Karls Over er einnig tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs í ár, en tilkynnt verður um verðlaunahafann í Helsinkí næsta miðvikudag.

ÍBÚDALÁNASJÓÐUR Viðbrögð við tilkynningum Íbúdalánasjóðs um ósöttan skyldusparnað sem liggur hjá sjóðnum hafa verið mikil og oftast gleði blandin hjá eigendum peninganna.

Í sumum tilvikum hafa þeir komið í góðar þarfir, eins og hjá manningum sem átti bilaðan bíl. Í bréfi sem hann sendi Brynhildi Erlu Pálsdóttur hjá Íbúdalánasjóði eftir að hafa fengið tilkynningu frá henni um hann ætti inni sparnað, sagði: „Bíllinn minn bilaði og ég bað til guðs. Þá datt inn bréf frá þér.“

Tæpar tólf milljónir króna í skyldusparnaði liggja nú inni hjá Íbúdalánasjóði og bíða þess að um þúsund eigendur þeirra vitji þeirra. Langflestir þeirra eru búsettir erlendis.

Brynhildur Erla hefur haft veg og vanda af því að hafa uppi á eignum fjármunanna og tilkynna þeim um inneignina. Þessu hefur hún sinnt auk starfa sinna hjá sjóðnum.

Brynhildur kvaðst við hafa ýmsar aðferðir til að leita fólkið uppi. Fyrst færi hún í erlendar símaskrár sem gögnuðust vel, einkum á Norðurlöndunum. Þá notaði hún sendiráðin með því að senda lista til þeirra og biðja þau aðstoðar. Loks notaði hún Íslendingabók og fyndi ættingja eða foreldra sem síðan kæmu skilaboðum til réttra aðila. Varð-



BRYNHILDUR ERLA PÁLSDÓTTIR

Einstaka hefur orðið öskuillur og skammast yfir af hverju væri ekki búið að láta vita um skyldusparnaðinn fyrir löngu.

andi þá sem væru utan af landi nægði oft að hringja í bæjar-skrifstofurnar á viðkomandi stað, þar sem maður þekkti mann, og rekja sig þannig áfram.

„Þetta er seinlegt en hefur borið ótrúlegan árangur,“ sagði Brynhildur sem er búin að koma kúfnum af skyldusparnaðinum í réttar hendur, því fyrir fjórum árum var hann samtals 37 milljónir króna. „Fólk er yfirleitt afar þakklátt og ég hef fengið þvífka gullmola í þakkarbréfum, að það er alveg stórkostlegt.“

Brynhildur Erla nefndi í þeim efnum Svía sem unnið hafði hér á árum áður, en ekki komið hingað í 18-20 ár. Hann var ákveðinn í að hann ætlaði að eyða þessum skyldusparnaði, sem hann ætti ónotaðan, á Íslandi. Hann brá því undir sig betri fætinum í sumar og mætti á þjóðhátíð í Eyjum.

Upphaflega voru stærstu upphæðirnar um og yfir milljón, að sögn Brynhildar Erlu. Hún sagði að nú væri hæsta innliggjandi fjárhæðin á einstakling um 15 þúsund krónur, en fleiri hundruð manns væru undir 100 krónum. Minnsta innistæðan væri 19 aurar og líklega yrði nú ekki lagt í mikla rannsóknarvinnu við að koma henni út.

jss@frettabladid.is

Lyfjastofnun Evrópu um COX-2 lyfjaflokkinn:

Aðgerðir vegna gigtarlyfja

LYFJAMÁL Lyfjastofnun Evrópu hefur tilkynnt aðgerðir vegna COX-2 lyfjaflokksins, sem fela í sér viðvaranir til lækna um ávísun lyfjanna. Þessar aðgerðir eiga einnig við á Íslandi.

Sérfræðinganevnd Lyfjastofnunar Evrópu hefur farið yfir tiltæk gögn og komist að þeirri niðurstöðu að aukin hætta á hjarta- og æðaáfallum fylgir notkun allra lyfja af flokki COX-2. Samkvæmt öryggisráðstöfunum skal ekki nota COX-2 hjá sjúklingum með kransæðasjúkdóm eða hjá þeim sem hafa fengið heilablóðfall. Arcoxia skal ekki ávísa á sjúklinga með of háan blóðþrýsting ef hann er ekki meðhöndlaður á fullnægjandi hátt.

Læknar þurfa að sýna varúð við ávísun COX-2 hemla til sjúklinga með áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma eins og til dæmis há-



VIÐVÖRUN

Lyfjastofnun Evrópu hefur gripið til aðgerða vegna COX-2 gigtarlyfjanna.

þrýsting, hækkað kólesteról í blóði, sykursýki og reykingar. Þetta á einnig við um sjúklinga með æðakölkun í útlimum.

Hér á landi eru eftirfarandi lyf á markaði sem tilheyra þessum

flokki: Arcoxia, Celebra, Dynastat og Bextra. Lyfjastofnunin íslenska hvetur fólk til að hafa samband við lækni til að ræða hvort hætta skuli töku ofangreindra lyfja eða halda henni áfram.

- jss

HAGNÝTT TÖLVUNÁM

Stafrænar myndavélar

Vinsælt námskeið um öll helstu grundvallaratriði stafræna myndavéla og meðferð stafræna mynda í heimilistölvunni.

Lengd námskeiðsins er 12 kennslustundir.

Innritun og upplýsingar í síma 544 2210

Verð kr. 15.000,- (Innifalinn er ný kennslubók á íslensku).



TÖLVUSKÓLINN
PEKING

Faxafan 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

www.icelandair.is/florida

Heit og hagstæð



ÆVINTÝRI, LYSTISEMDIR OG UNAÐUR


Sólskinsríkið Florida er sérsniðin paradís fyrir þá sem vilja njóta lífsins, láta sólina verma sig á áfrábærum baðströndum og iða af fjöri með allri fjölskyldunni í æðislegustu skemmtigörðum heims. Í boði eru að auki stór vöruhús og verslanamiðstöðvar, náttúruperlur, söfn, listir, menning og ekta amerísk afpreying.

Við bjóðum úrvalsgististaði í Orlando, Ft. Lauderdale, St. Peterburg Beach, South Beach, Daytona Beach, Bradenton, Sarasota, Miami Beach og víðar.

Þeim sem vilja ferðast um Florida á eigin vegum bjóðum við svo flug og bílaleigubíl á afar hagstæðum kjörum.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Icelandair tekur við ferðaávisun MasterCard og orlofsávisunum VR í pakkaferðir.



Orlando – Flug og gisting í viku Verð frá 48.365 kr. á mann

Gisting á Best Western Plaza á mann í herbergi m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Ferðir 3.–10. maí og 6.–13. september.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur, flugvallarskattur og þjónustugjald.

Orlando – Flug og bíll í viku Verð frá 46.303 kr. á mann

Flug og bíll á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Ferðir 3.–10. maí og 6.–13. september
Innifalið: Flug og bíll í 7 daga í A-flokki, flugvallarskattur og þjónustugjald.



út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is





Gríptu tækifærið

- það stendur aðeins í nokkra daga

Ef þú ert snar í snúningum geturðu náð þér í frábæran Peugeot á ótrúlega góðu verði.

307

1.4i, 90 hestöfl, 5 gíra, 5 dyra, 6 loftpúðar, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, 5 þriggja punkta belti, rafmagn í rúðum, fjarstýrt útvarp og geislaspilari, álfelgur aukabúnaður á mynd.

Verð var frá 1.790.000 nú **1.645.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **17.164** kr.



307 SW - glerþak

2.0i, 136 hestöfl, sjálfskiptur með öllu, 16" álfelgur, tiptronic sjálfskiptingu, loftkælingu og ... Frábær fjölskyldubíll!

Verð var frá 2.440.000 nú **2.245.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **23.493** kr.



206

1.4i, 75 hestöfl, X-line innrétting, 16v, 5 gíra, 5 dyra, 4 loftpúðar, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, rafmagn í rúðum, 5 þriggja punkta öryggisbelti, fjarstýrt útvarp og geislaspilari, þokuljós aukabúnaður á mynd.

Verð var frá 1.499.000 nú **1.380.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **14.392** kr.



206 SW

1.4i, 75 hestöfl, X-line innrétting, 16v, 5 gíra, 5 dyra, 4 loftpúðar, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, rafmagn í rúðum, 5 þriggja punkta öryggisbelti, fjarstýrt útvarp og geislaspilari, álfelgur aukabúnaður á mynd.

Verð var frá 1.569.000 nú **1.429.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **14.960** kr.



807 ST - 7 manna

2.0i, 138 hestöfl, sjálfskiptur, skrikvörn, fjarstýrð og rafdrifin opnun á hliðarhurðum, 7 stakir stólar, framsæti snúningsstólar, þakbogar. Öruggsti billinn í sínum flokki, fékk 5* af 5 mögulegum í árekstrarprófi.

Verð var frá 3.340.000 nú **2.990.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **31.279** kr.



BERNHARD ehf. Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Braginn**, sími 481 1535

Sumir aka um á bílum - aðrir aka um á Peugeot.

Hönnun, glæsileiki og aksturseginnleikar setja Peugeot í sérflokk.

Komdu og mátaðu Peugeot, upplifðu mjúka fjöðrun og hönnun sem á sér engan líka.

Upplifðu Peugeot sem næsta kost.

3ja ára ábyrgð - 12 ára ryðvarnarábyrgð.

*Bílasamningur Lýsingar: 30% út og greiðslur til 84 mánaða. Einnig er hægt að velja 10% eða 20% útborgun.



AFMÆLI



Bárá Sigurjónsdóttir verslunarmaður er 83 ára í dag.



Arnhildur Jónsdóttir leikkona er 74 ára í dag.



Brynja Benediktsdóttir, leikkona og leikstjóri, er 67 ára í dag.



Ólöf Kolbrún Harðardóttir óperusöngkona er 56 ára í dag.



Birgir Björn Sigurjónsson, formaður launanevndar sveitarfélaganna, er 56 ára í dag.



FRETTAHLAÐIÐ/PIETUR

VÍKINGAR NÚTÍMANS Börnin á leikskólanum Mánagarði fá malt- og appelsínblend tvisvar á ári, á jölunum og þorranum.

Sofnað ofan í diskana

Porrinn var kvaddur með stæl á leikskólanum Mánagarði á föstudag þegar slegið var upp langborði eftir endilöngum ganginum og borinn á borð íslenskur þorramatur; bringukollar, lundabaggar, hákarl og allt. Kolbrún Harðardóttir, leikskólustjóri Mánagarðs, segir börnin bíða eftir þorrablotinu með óþreyju og alla taka vel til matar síns.

„Reyndar vilja þau kalla það víkingablót því þeim finnst allt svo spennandi í sambandi við víkinga. Þau elstu eru að nema land eins og víkingar forðum og einkar meðvitund um uppruna sinn og hið þjóðlega. Börnin búa til höfuðföt fyrir veislu og sumir skreyta þau ullardruslum, til að hafa þau sem ílenskust.“

Að sögn Kolbrúnar klárast hangikjöt, sviðasulta, slátur og flatkökur fyrst úr trogunum, þótt víkingarnir litlu séu engir gíkkir þegar kemur að smakkinu. „Sumum finnst margt alveg hroðalega vont meðan aðrir háma í sig eins og sælgæti, en eldri börnin fá út úr því að smakka sem mest og finnst áskorun að vera eins og víkingarnir.“ Og Kolbrún segir þorrablotið mikilvægt menningaruppeldi: „Því maður er hræddur um að þetta deyi út með komandi kynslóðum. Hér æfum við þulur og þjóðlög, krækjum saman höndum og syngjum yfir matnum, og eins og á alvöru þorrablotum sofnuðu sumir ofan í diskinn sinn!“

Konudagurinn

Í dag er fyrsti dagur Góu, en hann er jafnframt nefndur konudagurinn og aldalöng hefð fyrir því að menn geri vel við konur sínar og færi þeim smágjafir.

Dagurinn er í rökréttum samhljómi við bóndadaginn og líklega tilkominn sem virðingardagur við iðnu búkonuna, en hefur síðan þróast yfir í að verða dagur allra kvenna. Næstu nágrannaþjóðir okkar eiga sér ekki sérstakan konudag, en Ítalir halda upp á sinn konudag 8. mars ár hvert. ■

Fáðu meira út úr tölvunni þinni

Margmiðlunarvél á mögnuðu verði



Dell™ mælir með Microsoft® Windows® XP Professional.



Dell prentarar kosta ennþá minna en venjulega ef þú kaupir Dimension™ 5000.

Dimension™ 5000 stenst kröfur vandlátustu heimila um vinnuhraða og fjölhæfni. Intel® Pentium® 4 örgjörvi með Hyper-Threading tækni gerir fleiri hluti samtímis en flestir aðrir á markaðnum. Nú þarftu aldrei aftur að bíða, því þessi vél gerir í alvörunni marga hluti í einu.

Dell™ Dimension™ 5000

- Intel® Pentium® 4 örgjörvi 520 með Hyper-Threading tækni (3.0GHz/1MB Cache 800MHz FSB & HT)
- Microsoft® Windows® XP Professional
- 512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni
- 128MB PCI Express x16 X300 SE skjákort
- 160GB (7,200 rpm) SATA harður diskur
- 9-1 lesari fyrir algengustu minniskort
- E173FP 17" flatur skjár

Verð **139.900,-** m/vsk

EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.



©2004 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra hluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkaflöð. Dell, Dell löggið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside löggið, Intel Centrino, Intel Centrino löggið, Pentium, Pentium III Xeon, Intel Xeon, Itanium, Intel SpeedStep, og Celeron eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annarra. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerka annarra. Akveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notunarstímalmar Microsoft verður skýrt við fyrstu ráðningu hugbúnaðarins, við endurnasetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6520.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á MIÐVIKUDÖGUM



HEIMSHORNIÐ



Heillandi heimur

- hótélíbúðir um allan heim
- þúsundir gististaða
- klúbbaðild á frábæru verði
- fjölbreytni og vildarkjör

Kringlunni 4-12 • 3. hæð • sími 51 50 800 / 51 50 801 • www.heimshornid.is

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Ég held að þetta nýtist örugglega í vinnunni. Þegar maður gengur á fjöll þá er maður að takast á við eitthvað og gefst ekki upp og maður er alltaf ánægður þegar árangrinum er náð.

ÞEKKIR FLESTA ÞÆTTI REKSTRARINS Ragnhildur hóf störf hjá Flugleiðum fyrir rúmlega fimm árum. Hún hefur tekið virkan þátt í allri stefnumótunarvinnu félagsins og unnið náð með helstu stjórnendum. Hún á enn fremur sæti í stjórn félagsins. Ragnhildur hefur því öðlast góða yfirsýn yfir hina fjölbreyttu starfsemi Flugleiða.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hin nýja ásjóna Flugleiða

Ragnhildur Geirsdóttir er aðeins 33 ára gömul en er komin í eitt ábyrgðarmesta starfið í íslensku viðskiptalífi. Hún átti stóran þátt í skipulagsbreytingum félagsins fyrir þremur árum og tekur nú við stjórnartaumunum af Sigurði Helgasyni.

Starfsframi Ragnhildar Geirsdóttur hjá Flugleiðum hefur verið hraður. Hún er aðeins 33 ára en á miðvikudaginn tilkynnti Hannes Smárason, stjórnarformaður félagsins, að stjórnin hefði ráðið hana í starf forstjóra. Þessi ákvörðun kom þeim sem fylgst hafa með rekstri Flugleiða á undanförunum árum ekki mjög á óvart enda hefur Ragnhildur átt stóran þátt í þeim skipulagsbreytingum sem umsnúð hafa rekstri félagsins á síðustu árum.

Vildi í meiri bissett

Ragnhildur hefur starfað hjá Flugleiðum í rúmlega fimm ár. Hún nam verkfræði við Háskóla Íslands og náði þar einhverjum

besta árangri í sögu deildarinnar. Eftir framhaldsnám í Bandaríkjunum fór hún til starfa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins en staldraði aðeins við í eitt ár þar. Hún segist hafa haft áhuga á því að starfa „í meiri bissett“ og hjá Flugleiðum fékk hún tækifæri til að verða fljótt virkur þátttakandi í stefnumótunarvinnu hjá fyrirtækinu. „Ég fékk mjög góða yfirsýn yfir allan rekstur samstæðunnar og svo mjög mikla yfirsýn yfir rekstur Icelandair. Strax frá byrjun fékk ég tækifæri til að starfa nálægt yfirstjórninni,“ segir hún.

Flóknir rekstur

Rekstur Flugleiða er viðameiri og flóknari en flesta grunar. Mest áberandi vörumerki félagsins er vitaskuld dótturfélagið Icelandair sem sér um millilandaflug og um helmingur af tekjum Flugleiða kemur nú í gegnum þann rekstur. Það hlutfall fer hins vegar lækkanði og önnur dótturfélag Flugleiða skila stöðugt hærra hlutfalli af veltunni. Í stefnumótunarvinnu síðustu ára hefur rekstur undirfélagi Flugleiða orðið stöðugt sjálfstæðari. Þessi þróun hefur nú leitt til þess að stjórn félagsins hefur ákveðið að ráðinn

verði sérstakur forstjóri yfir Icelandair og við sama tækifæri og tilkynnt var um ráðningu Ragnhildar var tilkynnt að Jón Karl Ólafsson hefði verið ráðinn forstjóri Icelandair.

„Á síðustu árum er búið að vera að skipta Flugleiðum skýrar og skýrar upp í sjálfstæð fyrirtæki og síðasta stóra skrefið varð þegar Icelandair varð sérstakt fyrirtæki en Icelandair hafði alltaf verið hluti af Flugleiðum og svo átti Icelandair öll dótturfélögin og Sigurður var í raun á tveimur stöðum,“ segir Ragnhildur.

Hún segir að starfsemi félagsins hafi breyst mikið á undanförunum árum. Fyrst var um hefðbundið flugfélag að ræða en smám saman færðist reksturinn meira út í alhlíða ferðaþjónustu. Um miðjan tíunda áratuginn var starfssvið félagsins endurskilgreint þannig að Flugleiðir varð ferðaþjónustufyrirtæki. Nú hefur áherslan enn breyst og Flugleiðir eru nú fjárfestingarfyrirtæki með megináherslu á ferða- og flugiðnaðinn.

Endurskipulagning 2001

Á síðustu árum hefur rekstur Flugleiða gengið vel. Þetta hefur víða vakið athygli enda hafa flest sambærileg flugfélög á

Vesturlöndum glímt við gríðarlegan rekstrarvanda. Árangur Flugleiða á síðustu árum er að miklu leyti rakinn til þeirrar röggsemi sem stjórnendur félagsins sýndu við skipulagsbreytingar sem tilkynntar voru skömmu eftir hryðjuverkaárárnar í Bandaríkjunum haustið 2001. Ragnhildur var einn af lykilmönnum í undirbúningi þeirra breytinga.

Hún segir að fram að því að hafi vöxtur félagsins verið hraður. „Félagið var búið að vaxa mjög hratt á árunum á undan og þarna var í raun verið að stoppa þann vöxt svolítið og skoða hvort við værum að fá nógu mikið út úr rekstrinum. Þetta voru auðvitað ekki mjög vinsælar aðgerðir þegar þetta gerðist en síðan eru menn mjög sáttir við þær,“ segir Ragnhildur.

Áhrif hryðjuverkanna í Bandaríkjunum voru mjög mikil á flugrekstur í heiminum og það var því lán í óláni að Flugleiðir höfðu einmitt nýlökkið við endurskipulagningu sem fól í sér samdrátt þegar það áfall reið yfir. Eftir það áfall gerðu allir sér grein fyrir að breytingar voru nauðsynlegar.

Fjölbreytni rekstrarins er styrkur
Ragnhildur telur það vera styrk

ad Flugleiðir byggi afkomu sína á mismunandi rekstrareiningum þar sem það hafi í för með sér að heildaráhættan í rekstrinum minnkar. Þriðjætt áhersla í millilandafluginu hefur sömu áhrif. „Það sem dregur úr áhættunni hjá okkur er að við skiptum markaði okkar í þrennt. Það er í fyrsta lagi markaðurinn út úr Íslandi, þar sem Íslendingar eru að fara til útlanda. Í öðru lagi markaðurinn til Íslands, þar sem Íslendingar eru að koma hingað. Og í þriðja lagi erum við með Norður-Atlantshafsmarkaðinn. Það er gott að vera með þessa þrjá markaði því það er ólíklegt að það gangi illa hjá þeim öllum á sama tíma. Þegar umsvifin minnka á einum markaði þá er hægt að blása til sóknar á öðrum. Það er það sem er jákvætt við Icelandair út frá áhættunni í rekstrinum,“ segir hún.

Ragnhildur mun starfa við hlið Sigurðar Helgasonar þar til hann lætur af störfum 1. júní. Hún segist njóta góðs af því að hafa starfað náið með Sigurði og fram hefur komið að hann verður félaginu áfram til ráðgjafar eftir að hann lætur af störfum.

Tekur við góðu búi

Það er jafnan talið vera til

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Verðbréfsráðgjafi, s.v. lögum nr. 30/2003

Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!

8,3%*

Verðbréf 3 - Peningamarkaður

Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.
*Nafnávöxtun frá 01.12.2004 - 31.01.2005 á ársgrundvelli



marks um góðan árangur í stjórnun þegar hægt er að ráða eftirmenn forystumanna úr hópi undirmanna. Út frá þeim mælikvarða og rekstrarstöðu Flugleiða í dag má ætla að Sigurður geti gengið hnarreistur frá starfi sínu fyrir Flugleiðir og Ragnhildur segist telja að almennt ríki ánægja innan félagsins með að nýir forstjórar komi innan úr fyrirtækinu. „Það hefur reyndar alltaf einkennt félagið að fólk fær tækifæri til að vaxa innan þess,“ segir Ragnhildur.

Hún segist búast við því að það geti tekið tíma fyrir sig að venjast því að vera forstjóri í einu stærsta fyrirtæki landsins. Hún segist munu reiða sig mjög á þá þekkingu og reynslu sem sé til staðar innan fyrirtækisins. „Þótt ég sé ung þá bý ég að því að hér starfar fólk sem býr yfir gríðarlega mikilli reynslu og maður þarf að reiða sig mjög á það fólk,“ segir hún.

Hún hlakkar einnig til samstarfsins við Jón Karl, nýráðinn forstjóra Icelandair: „Ég er mjög ánægð með að Jón Karl hafi verið valinn til að stýra stærstu rekstareiningunni í fyrirtækinu og ég efast ekki um að hann muni stýra uppbyggingu Icelandair af miklum krafti,“ segir hún.



STENDUR FYRIR LEIÐAKERFINU Eitt af verkefnum Ragnhildur hjá Flugleiðum hefur verið skipulagning leiðarkerfis Icelandair en á því kerfi byggist rektur félagsins.

Herðist af fjallamennsku

Þrátt fyrir annasamt starf hefur Ragnhildur reynt að leggja rækt við sitt helsta áhugamál sem er útivist og fjallamennska. Hún hefur verið virkur meðlimur í Hjálparsevi Kópavogs frá sautján ára aldri og segir að í því starfi hafi hún lært gildi þess að treysta á sjálfan sig og gefast ekki upp.

Hún segir það vera mikilvægt fyrir sig að geta einangrað sig frá annasömum störfum og besta leiðin til þess sé að ganga á fjöll. „Ég held að þetta nýtist

örugglega í vinnunni. Þegar maður gengur á fjöll þá er maður að takast á við eitthvað og gefst ekki upp og maður er alltaf ánægður þegar árangrinum er náð,“ segir hún.

„Þetta er eins og margt annað sem maður tekst á við. Það er erfitt á köflum og maður getur orðið svolítið þreyttur en maður gefst aldrei upp,“ segir nýráðinn forstjóri Flugleiða sem er nú þegar búinn að klífa á toppinn í einu stærsta fyrirtæki landsins – aðeins 33 ára að aldri.

thkjart@frettablaidid.is

ChampionsGate Orlando

Tveir 18 holu Greg Norman golfvöllir Kynningarverð kr. 9.900,-*

Nýjasta glæsihótelid í Orlando er kjörð hótél fyrir fjölskyldufólk og kylfinga. Tveir 18 holu golfvöllir hannaðir af Greg Norman. Ótakmarkað golf á tímabilinu. David Leadbetter golf Akadémía. Upplýstur 9 holu æfingavöllur. Líkamsrækt. Heilsulind. Körfulboltavöllur. Tennisvöllir. Strandblak. 5 veitingastaðir. 2 kaffihús. Barnagæsla. Fríar ferðir í alla Disney garðana. Frítt þráðlaust Internet. 20 mín. frá Orlando International Airport. 10 mín. í Disney. *2ja manna herbergi kr. 9.900.- (ef bókað er fyrir 15.mars) Verð er án VAT 13 %.

Bókanir og nánari upplýsingar í síma 534-5000 og á www.gbferdir.is



Benidorm

Glæsilegar ferðir fyrir eldri borgara

31. mars og 24. apríl

Hotel Mediterraneo ★★★★★

Nýtt og glæsilegt hótél með hálfu fæði

Heimsferðir bjóða nú nýtt og glæsilegt 4 stjörnu hótél á Benidorm, Hotel Mediterraneo. Frábært hótél, sem er vel staðsett og með einum besta aðbúnaði á Benidorm. Herbergi eru ríkullega búin, öll með sjónvarpi, síma, loftkælingu, minibar og öryggishólfi. Glæsilegur veitingastaður og bar á jarðhæð.



Stór og fallegur garður með stórum sundlaugum, að auki er innisundlaug, líkamsrækt, sauna, heitir pottar og sameiginleg tómsundaaðstaða. Sannarlega glæsileg aðstaða fyrir farþega Heimsferða.

Frá 69.190 Kr.

Á mann í tvíbýli með hálfu fæði, 18 nætur á Hotel Mediterraneo, 31. mars

Frá 73.890 Kr.

Á mann í tvíbýli með hálfu fæði, 24 nætur á Hotel Mediterraneo, 24. apríl

Innifalið í verði: Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn. Aukavika (í ferð 24. apríl), kr. 14.200 á mann. Viðbótarkostnaður fyrir fullt fæði (valkvætt), kr. 450 á mann á dag. Ferðir til og frá flugvelli, kr. 1.800

Aðrir gististaðir einnig í boði.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík
Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGAR ALLA DAGA
✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglýsingar@frettablaidid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins



6,1%* – Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

*Nafnávöxtun frá 01.01.2005–31.01.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslysingar og útdráttar úr útboðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.landsbanki.is

Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum í útibúum Landsbankans eða í síma 410 4000.

410 4000 | landsbanki.is



 **CITROËN**

Upplifðu nýja hönnun í dag

BRIMBORG / GCI ALMANNATENGS - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

*C4
COUPÉ*


Vertu í vinsælu formi

- láttu sjá þig á nýja sportbílnum Citroën C4 COUPÉ

Sífelld fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðuðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.* Veldu Citroën C4 COUPÉ.

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Söluölur eru afhentir nýir Citroën bílar á hverju ári frá því Brimborg endurkynnti Citroën á Íslandi 24. nóvember 2000. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar.

Komdu á
frumsýningu í dag
Sjáðu nýjan Citroën



Komdu á frumsýningu í dag.
Sjáðu nýjan Citroën C4 COUPÉ.
Kostar aðeins frá 1.890.000
til 2.650.000 kr.*

Kaffi og kleinur í dag.
Húsið er opið frá kl 11 - 17.



 CITROËN



C4 SALOON

Vertu í öruggu formi

- aktu um á nýja fjölskyldubílnum Citroën C4 SALOON

Citroën C4 SALOON dúxaði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn frá upphafi: 35 stig.* Sjáðu C4 SALOON. Veldu fallett og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auk er kaupverð háð gengi. Samanlagður stigaföldi úr árekstrarprófi þar sem prófaður var árekstur á hlið og að framan. Þar sem bílar voru jafnir þá var miðað við árekstur á gangandi vegfaranda. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar.

**Komdu á
frumsýningu í dag
Sjáðu nýjan Citroën**



BRIMBORG / GO ALMANNATENSKIL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



upplifðu nýja hönnun í dag

Komdu á frumsýningu í dag.
Sjáðu nýjan Citroën C4 SALOON.
Kostar aðeins frá 1.920.000
til 2.360.000 kr.*

Kaffi og kleinur í dag.
Húsið er opið frá kl 11 - 17.



Útsýn lífsnautnamanns

Það er bara einn **Ingólfur Guðbrandsson**. Því miður. Hann sker sig úr. Er dökkur á brún og brá. Reffilegur. Sonur þeirrar kynslóðar sem átti merkileg örlög skráð í ævispilin. Frá honum geislar nærvera heimsmanns. Þess sem er sigldur og veit að heimurinn er eins og regnboginn. Marglit uppspretta endalausra ævintýra. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir dreypti á lífsins elixír í Laugarásnum hans Ingólfs.

Ingólfur Guðbrandsson fæddist á höfðingssetrinu Kirkjubæjarklaustri. Faðir hans var ráðsmaður á heimilum Lárusar Helgasonar alþingismanns á Kirkjubæjarklaustri og héraðslæknisins Snorra Halldórssonar á Breiðabólstað.

„Trúlega hef ég strax fundið lykt af heimsmenningu hjá þessum sveitungum mínum,“ segir sveitapilturinn Ingólfur sem svo oft kleif fjallið heima til að horfa til hafs og niður á Meðallandsfjörur, meðan hann lét sig dreyma um heiminn á bak við hafið.

„Þar úti fyrir strönduðu skip og ráku upp í sandinn, sem líka var viss tenging við umheiminn því maður hitti skipsbrotsmenn og úr ströndunum kom góss; oftar en ekki franskt konfak og rauðvín úr ströndunum heima.“

Fanatískur æskudýrkandi

Ingólfur býður upp á heilsudrykk með Aloe Vera í Laugarásnum, þar sem hann hefur búið síðastliðin 33 ár. Hann er unglegur í fasi og framkomu.

„Ætli ég sé ekki dálítil fanatiker þegar kemur að æskudýrkun. Æskan er yndislegt tímabil en maður hefur enga reynslu til að lifa því þá. Í draumi hvers manns er þráin til að öðlast reynslu og visku með aldrinum, en halda í æskuna. Ég undrast oft hve fólk er kærulaust um útlit sitt og ástand. Margir gætu haldið mun lengur í blómaskeið ævinnar með bættum lífsstíl. Ég reyni að halda mér unglegum; passa hvað ég set ofan í mig, hef aldrei reykt og aðeins drukkið vín við sérstök tækifæri. Þá lyfti ég með kraftajötnunum í Gym 80 þrisvar í viku. Það heldur mér í formi,“ segir hann brosandí og bætir við: „Ætli ástand mitt liggi ekki í genunum, en þó mest í hugarfarinu.“

Ingólfur er nýkominn heim af ferðaráðstefnu í Asíu, þar sem hann fór einnig í allsherjarlæknisköðun á þekktu sjúkrahúsi.

„Líkaminn var skoðaður ítarlega og mér til gleði fannst enginn sjúkdómur af neinu tagi. Mér finnst áriðandi að vita hvar ég stend meðan ég tekst á hendur verkefni sem gera til mín kröfur, og þeir sem skipta við mig eiga kröfu á að vita að ég hafi heilsu og þrek til að takast á við þær skuldbindingar.“

Listin að ferðast

Ingólfur Guðbrandsson er meðal víðförlustu Íslendinga og fá löndin sem hann á eftir að upplifa. Oftast hefur hann komið til Englands, en að meðaltali eyðir hann þriðjungi ársins í útlöndum og hefur farið átta sinnum kringum hnöttinn.

„Ferðalögin hafa breytt mér. Maður fær aðra sýn á lífið og sér hlutina í öðru samhengi þegar maður þekkir svo mikið af heiminum. Viðhorf, skoðanir og sjóndeildarhringurinn víkkar, stækkar og breytist.“

Hann segist eiga mörg uppáhaldslönd, en fremst sé Ítalía. „Ítalía hefur fágún sem ber af og hinn listhneigði sælkeri og lífsnautnamaður er heima hjá sér á Ítalíu. En það er kúnst að ferðast og gera ferðina að hátíð allra skilningarvita og að sönnu ævintýri. Því miður held ég að flestir ferðist þannig að upplifun og ævintýrið vantar. Vel menntaður einstaklingur hefur skilyrði til að fá annað og meira út úr ferð sinni en skammlífa afþreyingu, einkum hafi hann notið listræns uppeldis og eflt sýnina á fegurð, form, líti, hljóð, bragð, lykt, og þó einkum innsei; tilfinningu fyrir sönnum, ævarandi gildum.“

Ísland ekki nafli alheimsins

Á borði liggur glænýr ferðabæklingur, en Ingólfur segir þá vera vorboða; merki þess að harður vetur víki senn fyrir sól og sumri.



HEIMSMADUR NÚMER EITT Ingólfur Guðbrandsson er fæddur Vestur-Skaftellingur, sveitastrákur sem lét sig dreyma um heimsins höf og ævintýri handan sjóndeildarhringsins. Strákur með stóra drauma og varð brautryðjandi á sviði hvers kyns lista og ferðamennsku.

„Íslendingar þurfa að ferðast til að fá rétta mynd af heiminum. Ekki verður öllum spurningum svarað af hinu agnarsmáa, íslenska þjóðfélagi. Ferðalögum fylgir ákveðið tilfinningaflæði; fyrst og fremst frelsi og gleði yfir því að komast úr þröngu umhverfi út á víðan völl heimsins og skoða hann eigin augum; kynnast heimsmenningunni, hefðum og siðum fólks, því þrátt fyrir hnattvæðinguna eiga flestar þjóðir sér enn sínar sjálfstæðu hefðir og halda fast við þær. Einn mesti vandi íslensks þjóðfélags finnst mér vera hve íslenskar hefðir eru fyrir bí, því við höldum ekki í þær. Aga- og virðing- arleysið er algert. Ungt fólk varðar ekkert um fortíð eða bakgrunn sinn og þá baráttu sem forfeður okkar háðu fyrir sjálfstæði og til að halda lífi í þessu harða landi. Íslendingar þurfa að ferðast um heiminn til að átta sig á hvað við eigum gott í samanburði við marga aðra.“

Stefnumót við heiminn

Ingólfur gaf út reisubókina Stefnumót við heiminn í desember en í henni má finna fagar lýsingar, ferðasögur og myndir Ingólfs frá kunnnum sem framandi heimshornum. Bókin er sú fyrsta af þessu

tagi sem komið hefur út á Íslandi.

„Ég er enn viðriðinn ferðamál og verð meðan ég hef sæmlegt starfsþrek. Það má kallast hugsjón en ég hef þrá til að opna Íslendingum glugga að veröldinni og sögu hennar. Verð með ferð til Þýskalands í vor sem ég kalla Listapríhrynninginn; Leipzig, Dresden og Berlín, og svo heimsreiðu í október þar sem farið verður nyrðri leiðin ofan við miðbaug, í tilefni þess að nú er aldarfjórðungur síðan fyrsta heimsreiða Íslendinga var farin undir minni stjórn til að fagna 25 ára afmæli fyrirtækis míns Útsýnar.“

Þegar byrjað var að kynna sölu ferða á netinu lýsti markaðsstjóri Flugleiða því yfir í sjónvarpi að ferðaskrifstofur með fararstjórn væru óþarfar. Segir Ingólfur Flugleiðir hafa markvisst stuðlað að því að menntandi ferðareynsla verði undir. „Ferðalög sem eingöngu styðjast við internetið verða steingeld. Menntunargildi ferðalaga verða ekki nýtt, né ferðahugsjónin leyst, með hópferð á ströndina í Algarve. Gildi ferðalaga er víðfeðmt og snertir allt mannlífið. Stöðnun á því sviði sem öðru er dauði, eða forboði dauðans.“

Strembin kvenhylli

Ingólfur er glæsilegur og minnir reyndar meira á Miðjarðarhafsmann en Íslending í útliti og framkomu.

„Margir halda mig Ítala og víst passar margt við það; ég er bæði blóðheitur og listelskur, eins og fólkíð fyrir sunnan.“

Hann segist bland beggja; einfari og félagsvera. „Mér líður vel í margmenni en finnst nauðsynlegt að vera einn inn á milli. Þess vegna sætti ég mig vel við einveru mína, líka því maður hefur svo gott næði til að hugsa. En neita því ekki að stundum vildi ég hafa meiri félagsskap.“

Ingólfur neitar ekki heldur að ástarlíf hans hafi verið skrautlegt á tímabili. „Það er eiginlega það eina sem þjóðin þykist vita um Ingólf Guðbrandsson, en veit auðvitað ekkert um, eins og gerist með aðrar kjaftasögur. Auðvitað hafa gróusögur farið í taugarnar á mér, ekki síst þar sem fólk veit ekki hvað það talar um; enda hvað veit fólk um tilfinningar annarra? Ég sagði einhvern tímann við ágætán vin, þegar við ræddum kvenhylli, að það væri eitt það versta sem fyrir mann gæti komið. Auðvitað háði blandið, en getur vissulega verið erfiður baggi að bera.“

Ingólfur segir aldrei hafa kitlað sig að vera þekktur. „En ég hef orðið fyrir óskaplega miklum rögi, sem ég held að stafi af öfund. Flest sem ég tók mér fyrir hendur gekk vel, tókst og fékk framgang. Og þá er stutt í öfundina. Stundum hefur rögurinn níst svo sárt, bæði gagnvart persónu minni, atvinnurekstri og einkalífi, að ég hef verið kominn á fremsta hlunn með að flytjast úr landi og hugsa stundum um það enn.“

Erfiðar ákvarðanir

Ingólfur segir árin en hann hafði mest umleikis hafa verið þau bestu í lífinu, þegar hann var virkur í tónleikahaldi með Pólýfónkórnum, um leið og hann rak stærstu ferðaskrifstofu landsins, bæði í rúm þrjátíu ár.

„Ég fórnaði fyrirtækinu fyrir

tónlistina. Það var mér dýrkeypt, en annars væri ég sennilega enn að reka Útsýn. Ég var of mikið í burtu og þrátt fyrir margt afbragðs starfsfólk voru þar einstaklingar sem brugðust trausti mínu, svo ég ákvað að selja. Það var feikilega erfið ákvörðun.“

Þetta var 1985, en Ingólfur hélt áfram að stjórna Pólýfónkórnum næstu fjögur árin. „Þá hafði ég ekki lengur fjármagn til þess, en hafði lagt milljónum á milljónum ofan í starf kórsins. Og það var sárt að hætta. Ég er ekki enn kominn yfir þann missi, kórinn var svo tengdur tilfinningum mínum og hugsjónum.“

Ingólfur stofnaði síðar Heimsklúbb Ingólfs og hefur nú stofnað Heimskringlu; ferðaklúbb þeirra sem hafa áhuga á að skoða heiminn markvisst og vera ríkari fyrir vikið.

„Þáttur leiðsögumans getur skipt sköpum. Sannmenntaður maður leggur kapp á að skoða heiminn og kynnast honum, og slík tækifæri gefast varla nema fyrir tilstuðlan manna sem hafa alhliða þekkingu á ferðalögum og undrum heimsins.“

Gott að vera til gagns

Þegar Ingólfur er spurður hvers vegna forlöginn völdu honum stað á Íslandi, segist hann óviss en langt í frá óánægður með þá ráðstöfun örlaganna.

„Ég vona að ég hafi gert eitthvað gott á Íslandi og byrjaði sannarlega á ýmsu. Kynnti tegund tónlistar sem var áður óþekkt, eða endurreisnarbarrokktonlist auk nútímatónlistar. Sú söngtegund hefur nú lagt undir sig sönglíf á Íslandi. Þá sagði glöggskyggn maður að ég hefði opnað súdurgluggann fyrir Íslendingum og fengið þá til að sætta sig við búsetuna, þegar hægt var að komast burtu úr einangruninni. Mönnum finnst gott ef þeir eru til gagns og ég reyni að halda því áfram sem lengst,“ segir Ingólfur yfirvegaður.

Með stóískri ró og sjálfs- trausti þess sem er sigldur. ■



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
REYKJAVÍK 9.06 13.41 18.18
AKUREYRI 8.57 13.26 17.57
Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 20. febrúar,
51. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BOÐI

- Kerfisstjóri
- Hjúkrunarfræðingur
- Bifvélavirki
- Forritarar
- Iðnaðarverkfræðingur
- Kennarar
- Deildarstj. reikningshalds
- Sölustörf
- Kjötiðnaðarmenn
- Yfirlögfræðingur
- Matvælafræðingur
- Prentsmiður
- Aðstöðarmaður
- Víðskiptafræðingar
- Afgreiðsla
- Verkamenn
- Pípulagningarmenn

SMÁAUGLÝSINGAR
byrja í dag á bls. 15

Flokkar

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

Þú getur pantað
smáauglýsingar á
www.visir.is



Minna atvinnuleysi BLS. 2
Stofnaði fyrirtæki í Hong Kong BLS. 2

Sækja um vinnu á netinu bls. BLS. 2
Hitt húsið rekur atvinnumiðlun BLS. 2

allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjöfn er ánægð með starfið enda vön að vinna innan um strákana.

Sér um að auka verðmæti sjávarafurða

Þótt Sjöfn Sigurgísladóttir titli sig matvælafræðing í símaskránni er hún líka annað og meira því hún veitir Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins forstöðu.

Sjöfn tók við forstjórarstarfinu í maí 2002 svo það er komið vel á þriðja ár síðan. Hún situr uppi á annarri hæð í Sjávarútvegshúsinu við Skúlagötu og af skrifstofunni sér hún til skipaferða um Faxaflóann. Þegar haft er orð á að búast mætti við karlmanni í þessum stól hlær hún og kveðst alltaf hafa unnið mikið með karlmönnum, það fylgi raunvísindunum og sé bara skemmtilegt. Hún nefnir LÍÚ fundi sem dæmi um miklar herrasamkomur.

Sjöfn er faglegur leiðtogi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins auk þess bera

ábyrgð á rekstri hennar og starfsemi. „Samskipti eru mikilvægur þáttur í mínu starfi því stofnunin vinnur náið með sjávarútvegsfyrirtækjum landsins, háskólunum og öðrum rannsóknaraðilum,“ segir hún og leggur áherslu á að hlutverk stofnunarinnar sé að auka verðmæti sjávarafurða.

„Við erum með um 60 starfsmenn og erum að vinna á fimm stöðum á landinu, í Vestmannaeyjum, Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Neskaupstað auk þess sem við erum í samstarfi við fyrirtæki og rannsóknaraðila erlendis,“ upplýsir hún.

Af sjálfu leiðir að mikil ferðalög fylgja starfi Sjafnar bæði um landið og líka út fyrir landsteinana og lokorð hennar í viðtalinu undirstrika það. „Við viljum tengjast sem flestum til að byggja upp þekkingu og hafa sem mest áhrif á þróunina.“

gun@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

í atvinnu

Allir fullgildir félagsmenn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur hafa fengið sent spurningaeyðublað í könnun félagsins á fyrirtæki ársins 2005 og launakjörum.

Launakönnunin veitir upplýsingar um markaðslaun í mismunandi starfsgreinum en könnunin um fyrirtæki ársins varpar ljósi á ýkjör og aðbúnað innan fyrirtækja. Afar mikilvægt er að þátttaka sé góð og hvetur félagið alla félagsmenn til að svara könnuninni. Rúsinan í pylsuendanum er að ef félagsmenn svara þá gætu þeir unnið ferð fyrir tvo til Evrópu.

Útflutningsráð og IMG heldur námskeið um lyklatríði útflutnings þriðjudaginn 22. febrúar frá klukkan 13 til 17 og miðvikudaginn 23. febrúar frá klukkan 9 til 13. Námskeiðið tekur á þeim

grunnþáttum sem einkenna uppbyggingu og framkvæmd útflutningsmála innan fyrirtækja. Það er ætlað stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækja, stofnana eða samtaka sem á einhvern hátt koma að útflutningsmálum. Námskeiðið er haldið í húsaáskynningu um IMG Yá Laugavegi 170 í Reykjavík eins og kemur fram á vefsíðu Samtaka iðnaðarins, si.is.

Starfsmenn í grunnskólum á Íslandi í október 2004 voru 7.379 talsins samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Starfsmenn við kennslu voru 4.725 og hefur fækkað um átján manns frá árinu áður. Starfsfólk við kennslu í grunnskólum hefur fjölgað ár frá ári, en fækkar nú í fyrsta skipti milli ára síðan Hagstofan hóf gagnasöfnun sína haustið 1997.

atvinna@frettabladid.is

SAMKEPPNISSTOFNUN óskar eftir að ráða yfirlögfræðing til starfa

Um er að ræða nýtt starf og mun viðkomandi bera ábyrgð á lagalegri meðferð mála á samkeppnisviði stofnunarinnar gagnvart forstöðumönnum samkeppnis- og lagasviðs Samkeppnisstofnunar. Viðkomandi mun hafa áhrif á mótun starfsins. Starfið verður fjölbreytilegt og krefjandi og mun yfirlögfræðingur taka virkan þátt í því að vernda og efla samkeppni með framkvæmd samkeppnislaga.

Starfssvið:

- Lögfræðileg ráðgjöf
- Lögfræðilegur yfirlestur mála
- Þátttaka í stefnumótun samkeppnisviðs
- Ritun greinargerða
- Rekstur mála á samkeppnisviði

Hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun í samkeppnisrétti eða umtalsverð starfsreynsla á því sviði
- Haldgöð þekking á stjórnsýslurétti
- Allnokkur starfsreynsla, t.d. í stjórnsýslu eða lögmennsku
- Hæfni til að tjá sig í rituðu máli
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf og annað sem umsækjandi vill taka fram þurfa að berast SAMKEPPNISSTOFNUN, Rauðarástíg 10, Pósthólf 5120, 125 Reykjavík, í síðasta lagi 23. mars nk. Frekari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 552 7422.

Samkeppnisstofnun fer ásamt samkeppnisráði með framkvæmd samkeppnislaga á fyrsta stjórnsýslustigi og annast stofnunin dagleg störf ráðsins. Hlutverk samkeppnisráðs felst m.a. í því að framfylgja banni samkeppnislaga við samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og ákveða aðgerðir gegn slíki háttsemi.



www.samkeppni.is

SAMKEPPNISSTOFNUN

Þjónustudeild B&L...



Með bílinn handa þér

...leitir að bifvélavirkja

Starfssvið

Almennar bílavíðgerðir
Ráðgjöf

Hæfniskröfur

Próf í bifvélavirkjun
Áhugi og góð þekking á bílum
Lipurð í mannlegum samskiptum
Frumkvæði og hugmyndaauðgi
Góð tölvu- og ensku kunnátta
Reyklaus

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 01. mars nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsúmsóknum svarað.

B&L er eitt stærsta og virtasta bílaumboð landsins, stofnað árið 1954. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir Hyundai, Renault, BMW, Land Rover og Arctic Cat vélsleða og er einn stærsti söluáili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðavíðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öfluga starfsmannastefnu. Alls starfa rúmlega 100 manns hjá fyrirtækinu.

Hyundai - Renault - BMW - Land Rover - Arctic Cat - Renault Trucks - Irisbus

B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík. Sími: 575-1200



bílar o.fl.

- Á LAUGARDÖGUM
- ✓ Hin hliðin á bílum
- ✓ Stærsti bílamerkaður landsins
- ✓ Auglýsingasíminn er 550 5000

auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesna blað landsins -



Atvinnuleysi hefur minnkað

Í JANÚAR VORU SKRÁÐIR 91.369 ATVINNULEYSISDAGAR Á LANDINU ÖLLU.



Atvinnuleysi hefur í raun og veru minnkað milli mánaða og því færri sem sitja auðum höndum.

bands Íslands, asi.is, er atvinnuleysi í raun minna um þessar mundir þegar búið er að leiðrétta atvinnuleysisstölur fyrir árstíðarbundnum sveiflum. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi hefur ekki verið minna síðan í júlí 2002. ■

Þessar tölur eru samkvæmt útreikningum Vinnuástandastofnunar sem má nálgast á vefnum vinnuástandastofnun.is. Tölurnar jafngilda því að 4.352 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisráði í mánuðinum. Þessar tölur jafngilda því að þrjú prósent af áætlun Efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis um mannafla á vinnumarkaði hafi verið atvinnulaus í janúar. Áætladur mannafla á vinnumarkaði í janúar síðastliðnum er 146.035 manns.

Atvinnulausum hefur fjölgað aðeins milli mánaða en eins og kemur fram á vef Alþýðusambands

Iðnnemar sækja um vinnu á netinu

IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS HEFUR STOFNAÐ RAFRÆNA ATVINNUMÍÐLUN Á VEFÍÐUNNI ATVINNA.INSI.IS.

Á vefnum atvinna.insi.is gefst fyrirtækjum kostur á að ráða iðnnema til starfa í lengri eða styttri tíma. Enn fremur býðst fyrirtækjum að auglýsa eftir starfskrafti á vefsíðunni. Á síðunni birtast smáauglýsingar bæði frá iðnnemum og fyrirtækjum en auglýsingarnar eru ritskodaðar svo ekki sé um platauglýsingar að ræða. Auglýsingarnar haldast inni á síðunni í mánuð. Á síðunni eru einnig öll eyðublöð sem nemandi og fyrirtæki þurfa.



Nú þurfa iðnnemar vonandi ekki lengur að röltu á milli fyrirtækja til að sækja um að komast á samning.

Atvinnuleysi ungs fólks vekur ugg

ATVINNUÁSTAND BATNAÐI EKKI EINS MIKIÐ OG VONIR STÓÐU TIL Í HEIMINUM ÁRIÐ 2004.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar og greint er frá henni á vef Verzlunarfélags Reykjavíkur, vr.is. Atvinnuleysi dróst saman milli ára 2003 og 2004, úr 6,3 prósentum í 6,1 prósent, þegar lítið er til meðaltals í heiminum. Í Evrópu og Mið-Asíu stóð atvinnuleysi í stað. Fólki á atvinnuleysisráði í heiminum hefur fækkað um hálf milljón manna en árið 2003 voru 185,2 milljónir manna atvinnulausar en í fyrra



184,7 milljónir manna. Verra er hins vegar að atvinnuleysi meðal ungs fólks hefur aukist verulega á síðasta áratugi. Nær helmingur allra atvinnulausra í heiminum árið 2003 var fólk á aldrinum 15 til 24 ára.

Fólk á aldrinum 15 til 24 ára var helmingur allra atvinnulausra árið 2003 í heiminum.

Þægilegra að öskra Bex en Rebekka

Rebekka Kristín Garðarsdóttir flutti frá Kópaskeri til Hong Kong fyrir tæpum þremur árum. Í síðasta mánuði stofnaði hún eigið fyrirtæki og eftir nokkra daga ætla hún að kaupa annað. Rebekka skráði til Íslands nýlega í fjögurra daga heimsókn og þrátt fyrir þetta dagskrá gaf hún sér smástund til að segja frá því hvað hún væri að bralla.

Ég ákvað að stofna fyrirtækið Bex Ltd. Það sér um viðburði fyrir önnur fyrirtæki, ráðstefnur, sýningar, galakvöld o.s.frv. Ég er eini starfsmaðurinn og fyrsta verkefnið er eins dags ráðstefna og kynning á vörum og þjónustu fyrir óléttar konur í Hong Kong sem verður haldin 5. mars.

-Af hverju Bex?
Ég geng undir því nafni úti. Spila nefnilega rugby og það þykir þægilegra að öskra Bex heldur en Rebekka, að ég tali ekki um Rebekka Kristín Garðarsdóttir!
-Er ekkert mál fyrir útlendinga að stofna fyrirtæki í Hong Kong?

Nei, stjórnvöld gera út á það að bjóða erlendum fjárfestum inn í landið. Ég stofnaði mitt fyrirtæki á 15 mínútum. Maður útfyllir eitt blað, svo er athugað hvort eitthvert annað fyrirtæki í landinu heiti þetta sama og ef svo er ekki þá er maður kominn með stimpilinn og getur hafið starfsemi daginn eftir. En það þarf sérstakt atvinnuleyfi til að starfa í landinu og það er gefið út á það fyrirtæki sem maður er að vinna hjá hverju sinni. Mér fannst það ekki nógu traust. Þess vegna ákvað ég að fá atvinnuleyfi í gegnum sjálfa mig. Bex er bara byrjunarskrefið því ég er líka að kaupa annað fyrirtæki sem verður opnað formlega 7. mars. Það er leikskóli í námskeiðaformi fyrir veggja til þriggja ára gömul börn. Sjálf sé ég um markaðsmálin en kennslan verður í höndum leikskólakennara.

-Hvernig stóð á því að þú fórst til Hong Kong?

Systir mín var komin út ári á undan mér, hún rekur eigið ljós-



Rebekka Garðarsdóttir stofnaði fyrirtæki í Hong Kong á fimmtán mínútum og kaupir annað eftir nokkra daga.

mæðrafyrirtæki sem sér um að halda foreldranámskeið og sinna heimabjónustu.

Kannski má segja að ég hafi elt hana en í námi mínu í viðskiptafræði í HR lagði ég áherslu á alþjóðlega stjórnun og markaðsfræði og var því alltaf með útlönd í huga. Það er eitthvert flökkueðli í okkur systkinunum. Bróðir minn býr í Ástralíu og hafði áður verið sjö ár í Svíþjóð og litla systir mín er á leið til Danmerkur.

-Hvernig er svo að búa þarna?

Það er auðvitað talsverður munur að komast úr 150 manna bæ í sjö milljóna samfélag, háhýsi og mannmergð. Ég bý til dæmis á 21. hæð af 39 í húsinu.

-En þú hefur að minnsta kosti nóg að gera.

Já, ég er með endalausar hugmyndir og bara spurning um hversu hratt maður vinnur sig í gegnum þær.

Par með var Rebekka rokin. Varð að fá sér SS þylsu áður en hún yfirgæfi landið.

gun@frettabladid.is

Vinna við dýraeftirlit og hafnir

Markmiðið með starfinu er að hjálpa ungu fólki að fá vinnu við hæfi.

Hitt húsið hefur rekið Vinnumiðlun ungs fólks (VUF) frá árinu 1999. Þar er tekið við umsóknum skólafólks og hefur umfang starfsins aukist til muna eftir að ákveðið var að taka við umsóknum árið um kring. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem Reykjavíkurborg rekur sérstaka vinnumiðlun fyrir ungt fólk á aldrinum 17-25 ára sem ekki er bundin við sumarstörf.

Í Vinnumiðlun ungs fólks er hægt að sækja um starf hjá flestum starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Störf eru eins ólík og þau eru mörg, allt frá dýraeftirliti yfir í að starfa hjá Reykjavíkurborg. Einu skilyrðin fyrir því að sækja um starf eru að hafa lögheimili í Reykjavík og uppfylla aldursmörkin. Þá er einungis hægt að sækja um rafrænt en þeir sem ekki hafa

aðgang að tölum eru velkomnir í Hitt húsið.

Að sögn Selmu Árnadóttur, forstöðumans Vinnumiðlunarinnar, hefur þó nokkuð borið á því að yngsti hópurinn, sem er á sautjándá ári, hafi ekki fundið störf, sérstaklega eftir að sjálfræðisaldurinn var hækkaður upp í 18 ár. Með aukinni umfjöllun um þann vanda er vonast til að atvinnurekendur taki við sér og sækji sérstaklega eftir kröftum þessa aldursþóps.

Nú í vikunni var byrjað að taka við umsóknum um sumarstarf hjá Reykjavíkurborg. Skilafrestur er til 30. apríl, en miðlunin er fyrir til 25 ára. ■

Selma Árnadóttir er forstöðumaður Vinnumiðlunar ungs fólks.



Breskum yfirmönnum ekki treystandi

YFIRMENNIR ÞYKJA EKKI HAFNA HÆFILEIKA TIL SAMSKIPTA VIÐ UNDIRMENN.

Þetta kemur fram í könnun sem framkvæmd var af rannsóknarhópnum Watson Wyatt. Úrtakið í könnuninni

var fimmtán þúsund manns og kom fram að 51 prósent starfsmanna vestan hafs treystu yfirmönnum sínum en aðeins 31 prósent breskra starfsmanna. Færri en einn af þremur Bretum fannst yfirmenn sínir sýna góða samskiptahæfileika.

Talsmaður Watson Wyatt sagði í tengslum við könnunina að breskir yfirmenn þyrftu að vinna hörðum höndum að því að ná trausti starfsmanna sinna til að missa ekki starfskraft og viðskiptavin.



David Brent í The Office er gott dæmi um yfirmann sem starfsmenn treysta ekki.



Akureyri

Bifvélavirki

Toyota á Akureyri auglýsir eftir bifvélavirkja til starfa á viðgerðar- og þjónustuverkstæði.

Starfssvið:

Almennar viðgerðir og þjónusta á bifreiðum, söluskoðanir og persónuleg ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Menntun í Bifvélavirkjun. Reynsla æskileg. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, eiga auðvelt að vinna með öðrum og með ríka þjónustulund.

Umsóknum skal skila fyrir 1. mars.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Rafnsson í síma 460-4316 eða á staðnum.

Stórholt ehf. er umboðsaðili Toyota á Akureyri. Hjá Stórholti starfar um 20 manna samheldinn hópur. Stórholt ehf. starfar í nýlegu og glæsilegu húsnæði þar sem vinnu- og starfsmannaaðstaða er til fyrirmyndar.



STARFSFÓLK ÓSKAST

Vegna aukinna umsvifa í rekstri Prentmets óskum við að ráða í eftirfarandi stöður:

Prentsmiður/hönnuður

Starfið er aðallega fylgið í eftirfarandi:

- Formhönnun
- Uppsetningu og frágangi prentgripa til prentunar
- Hönnun og umbrot

Mikilvægt að einstaklingurinn sé hugmyndaríkur, jákvæður og samvinnuþjófur. Gott er að hann hafi auga fyrir þrívídd, sé nákvæmur, vandvirkur og geti jafnframt unnið hratt.

Viðkomandi þarf að hafa kunnáttu í Freehand, Photoshop og Illustrator. Þekking á Kasmake teiknforriti fyrir umbúðir æskileg en ekki skilyrði.

Skurðarmaður

Starfið er aðallega fylgið í skurði á prentverki.

Mikilvægt er að einstaklingurinn sé duglegur, vandvirkur, samviskusamur og geti unnið sjálfstætt.

Þjálfun í boði fyrir rétta aðila.

Atvinnuumsókn er á heimasíðunni www.prentmet.is og einnig liggja umsóknareyðublöð frammi í afgreiðslu, Lynghálslí 1. Umsóknarfrestur er til 25. febrúar.

Við mat á umsóknum verður tekið sérstakt tillit til reynslu og þekkingar umsækjenda. Við óskum eftir reyklausum umsækjendum.

Prentmet er spennandi vinnustaður þar sem lagt er upp úr því að fólk þroskast og líði vel í vinnunni.

Prentmet er vel tækjum búin prentsmiðja í glæsilegu húsnæði að Lynghálslí 1.

FERSKAR  KJÖTVÖRUR

Starfsfólk óskast

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða starfsmann á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Starfið er fylgið í símaþrá, úthringingu pantana og reikningsgerð.

Hæfniskröfur:

Stundvísi

Samviskusemi

Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34. Einnig er hægt að sækja um starfið á tölvupóstfanginu leifur@ferskar.is

Nánari upplýsingar veitir Leifur Þórsson framkvæmdastjóri í síma 660-6330 frá kl. 14:00 til 17:00 virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu þess www.ferskar.is.

Deildarstjóri reikningshalds

Landsvirkjun óskar eftir að ráða deildarstjóra reikningshalds. Reikningshald er deild á fjármálasviði og heyrir deildarstjóri undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs.

Helstu verkefni:

- Stýrir bókhaldi og gerð árs- og árshlutareikninga
- Stýrir breytingum á reikningsskilum fyrirtækisins í kjölfar gildistöku alþjóðlegra staðla
- Umsjón með eftirliti og skýrslugjöf um fjármálastarfsemi fyrirtækisins
- Umsjón með gerð fjárhagsáætlana
- Kostnaðareftirlit og upplýsingagjöf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Löggiltur endurskoðandi með a.m.k. 5 ára starfsreynslu
- Reynsla af stjórnun
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

Störf hjá Tern Systems



Forritarar

Umsækjendur þurfa að hafa BS-gráðu í kerfisfræði, tölvunarfræði eða verkfræði, geta unnið sjálfstætt og hafa að minnsta kosti 1 árs reynslu af hugbúnaðargerð og þekkingu á C++.

Góð enskukunnátta er skilyrði.

Umsóknir óskast útfylltar á www.hagvangur.is fyrir 23. febrúar nk.

Númer starfs er 4307.

Iðnaðarverkfræðingur

Umsækjandi þarf að hafa þekkingu og reynslu af aðgerðarannsóknnum, tímaraðgreiningu, bestun og tölfræði. Þarf að geta unnið sjálfstætt.

Góð enskukunnátta er skilyrði.

Umsóknir óskast útfylltar á www.hagvangur.is fyrir 23. febrúar nk.

Númer starfs er 4308.

 HAGVANGUR

Upplýsingar um ofangreind störf veitir Albert Arnarson hjá Hagvangi. Netfang: albert@hagvangur.is



Tern Systems

Flugkerfi (Tern Systems Inc.) er hugbúnaðarfyrirtæki í eigu Flugmálastjórnar Íslands og Háskóla Íslands, stofnað 1997. Helstu verkefni eru á sviði flugumferðarstjórnar svo sem radarkerfi, fluggagnakerfi og samskiptakerfi auk þess að vera virkt í alþjóðlegum rannsóknum á þessu sviði. Fyrirtækið samanstendur af 30 metnaðarfullum einstaklingum með víðtæka verkfræði- og tölvunarfræðimenntun. Lögð er mikil áhersla á að bjóða upp á framúrskarandi vinnuaðstöðu og gott starfsumhverfi. Við leitum að áhugasömum einstaklingum til að taka þátt í spennandi verkefnum með okkur.

Hlíðasmára 10
202 Kópavogur
sími 525-0500
fax 525-0501
marketing@tern.is
www.tern.is

Þjónustudeild B&L...



Með bílinn handa þér

...leitar að bifvélavirkja

Starfssvið

Almennar bílaviðgerðir
Ráðgjöf

Hæfniskröfur

Próf í bifvélavirkjun
Áhugi og góð þekking á bílum
Lipurð í mannlegum samskiptum
Frumkvæði og hugmyndaauði
Góð tölvu- og ensku kunnátta
Reyklaus

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 01. mars nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknnum svarað.

B&L er eitt stærsta og virtasta bílaumboð landsins, stofnað árið 1954. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir Hyundai, Renault, BMW, Land Rover og Arctic Cat vélsleða og er einn stærsti söluaðili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðavíðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öflugra starfsmannastefnu. Alls starfa rúmlega 100 manns hjá fyrirtækinu.

Hyundai - Renault - BMW - Land Rover - Arctic Cat - Renault Trucks - Irisbus

B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík. Sími: 575-1200

Hrafnista
í Reykjavík og Hafnarfirði

Pípulagningameistari

Hrafnistuheimilin óska eftir að ráða pípulagningameistara til starfa nú þegar. Aðeins aðili með meistarapróf kemur til greina.

Nánari uppl. veitir Sævar Guðmundsson s: 693-9555. Umsóknarfrestur til 28. febrúar 2005. Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Hrafnistu <http://www.hrafnista.is>

netbókhalld.is



Viðskiptafræðingar

Netbókhalld.is óskar eftir að ráða viðskiptafræðing.

Starfssvið:

Umsjón með netbókhalldi.is
Kynningar og námskeið.
Umsjón með bókhaldi og innheimtu.

Hæfniskröfur:

Viðskiptafræði eða sambærileg menntun.
Reynsla eða þekking af bókhaldshugbúnaði.
Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
Hæfni í mannlegum samskiptum.
Góð enskukunnátta.

Leitað er að drifandi og metnaðfullum einstaklingi. Hlutastarf kemur til greina.

Umsóknir sendist á gk@netbokhalld.is fyrir 28. febrúar.

Byggingaverkamenn

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða byggingaverkamenn.

Upplýsingar gefur Páll Róbert Matthíasson í síma 693-7014. Einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333.

Hefur þú það sem þarf?

Síminn

Síminn óskar eftir kraftmiklu og framtakssömu sölufolkli í eftirfarandi störf:

Kvöldverkefni hjá Söluveri Símans. Starfið felst í úthringingum vegna kannana og átaksverkefna af ýmsu tagi. Vinnutíminn er frá kl. 17.30-21.30 tvo til fjóra daga í viku.

Kynningarverkefni hjá Söluveri Símans. Starfið felst í kynningum á vörum og þjónustu Símans á ýmsum stöðum. Vinnutíminn er eftir samkomulagi á virkum dögum og um helgar.

Við leitum að einstaklingum, eldri en 20 ára, sem þurfa að vera opnir fyrir nýjungum og með metnað til að gera vel í starfi, eiga gott með að nálgast fólk að fyrri bragði, hafa tölvuþekkingu og eiga auðvelt með að starfa í hópi. Reynsla af sölu- og þjónustustörfum er kostur.

Gildi Símans eru

Traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður sem starfsfólk Símans hefur að leiðarljósi í störfum sínum.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is. Umsóknarfrestur er til 6. mars nk.



Ráðgjafi við barnavernd

Laus eru til umsóknar störf ráðgjafa hjá **Barnavernd Reykjavíkur**. Um er að ræða tvö störf sem laus eru nú þegar, auk starfs við afleysingu frá 1. maí nk. til 1. ágúst 2006.

Verksvið:

Skrifstofa barnaverndar ber ábyrgð á meðferð einstakra mála sem unnin eru á grundvelli barnaverndarlagi. Ráðgjafar skrifstofunnar annast m.a. móttöku og mat tilkynninga um óviðunandi aðbúnað barna/unglinga, könnun á aðbúnaði þeirra, gerð og eftirfylgd meðferðaráætlaða, meðferð, stuðning og eftirlit í alvarlegum barnaverndarmálum. Þá sjá þeir um málefni fósturbarna, vistanir á meðferðar/einkaheimili auk umsagna í ættleiðingar, forsjár- og umgengismálum. Starfsmenn barnaverndar annast bakvaktir vegna barnaverndarmála.

Menntun og hæfni:

Umsækjandi þarf að hafa háskólamenntun á sviði barnaverndar t.d. í félagsráðgjöf, eða í skyldum greinum og æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af fjölskyldumeðferð eða fjölskyldustuðningi. Starfið gerir kröfur til jákvæðs viðmóts, mannúðlegra viðhorfa og góðra hæfileika til mannlegra samskipta. Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru miklir kostir ásamt getu skýrrar tjáningar munnlega og skriflega. Grunnþekking á notkun tölvu er nauðsynleg. Bilpróf er einnig nauðsynlegt.

Laun:

Skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttafélags.

Umsóknir sendist til: **BARNAVERNDAR REYKJAVÍKUR, SKIPHOLI 50 b, 105 Reykjavík**. Umsóknarfrestur er til 1. mars nk.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdarstjóri barnaverndarnefndar Guðrún Frímannsóttir, í síma **535-2600**. Netfang: gudrunfr@fel.rvk.is

Sjá einnig almennar upplýsingar um laus störf og starfsmannastefnu Félagsþjónustunnar á vefsíðunni: www.felagsthjonustan.is

Reykjavik
Excursions
KYNNISFERÐIR

Bifvélavirki

Kynniferðir óska eftir að ráða vanan bifvélavirkja, sem getur gengið í öll viðhaldsstörf, bæði almenn og sértæk.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst, en þeir eiginleikar sem sóst er eftir eru:

- Bifvélavirkjamenntun
- Reynsla af rafmagnsviðgerðum, réttungum og sprautun er kostur, en ekki skilyrði

Umsóknareyðublöð fást hjá Kynniferðum ehf., Vesturvör 6, 200 Kópavogi og skulu þær sendar þangað fyrir kl. 17:00, 28. febrúar 2005, merktar

„Verkstæði 2005“.

Einnig er hægt að senda umsóknir á netfangið sigrigur@re.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri á skrifstofutíma, upplýsingar eru ekki veittar gegnum síma.

Haft verður samband við alla umsækjendur, eftir að umsóknarfrestur er runninn út.



Óskum eftir að ráða sem fyrst kjötiðnaðarmann eða mann vanan nautakjötsskurði.

Einnig óskum við eftir nemum sem hafa áhuga á að komast á samning. Umsóknir berist Kjötbankanum, Flatahrauni 27, 220 Hafnarfirði, fyrir 23. febrúar. Nánari upplýsingar í síma 565 2011 eftir kl. 13.00.

Kjötbankinn er framsækið og traust matvælafyrirtæki, sem leggur áherslu á framúrskarandi vöru og þjónustu.



Í forystu með TM Software

TM Software er eitt af framsæknustu fyrirtækjum í upplýsingatækni hér á landi. Fyrirtækið rekur starfsstöðvar í 12 löndum og þjónar rúmlega 1.500 viðskiptavinum um allan heim. Hjá TM Software starfa um 400 manns og meðal þeirra eru fremstu sérfræðingar í sínu fagi. TM Software er í fremstu röð við ráðgjöf, þróun og rekstur hugbúnaðar og býður fjölbreyttar lausnir í nánú samstarfi við virtustu upplýsingatæknifyrirtæki heims, svo sem Microsoft, IBM, Oracle, CA og Swisslog. Á undanförunum árum hefur TM Software fjórum sinnum hlotið viðurkenningu sem eitt af 500 framsæknustu fyrirtækjum Evrópu.

Hugbúnaðarþróun í Java

Origo hugbúnaðarlausnir

Starfið felur í sér greiningu, hönnun, forritun og samþættingu upplýsingakerfa fyrir kröfuharða viðskiptavinum. Unnið er eftir viðurkenndum stöðlum í upplýsingatækni og rafrænum viðskiptum. Leitað er eftir einstaklingum sem hafa viðtæka reynslu af þróun í Java/J2EE, góða þekkingu á helstu gagnagrunnum og samskiptastöðlum, og áhuga á þróun tæknilega flókinnar verkefna.

Hugbúnaðarþróun í .NET

Libra fjármálhugbúnaður

Starfið felst í greiningu, hönnun og forritun Libra hugbúnaðar, sem skiptist í verðbréfaumsýslu, lána- og skuldabréfaumsýslu og iðgjalda- og réttindaumsýslu fyrir lífeyrissjóði. Leitað er að einstaklingum með áhuga, þekkingu og/eða reynslu af hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkað.

Theriak hugbúnaðarlausnir

Starfið felur í sér smíði og samþættingu hugbúnaðarkerfa fyrir heilbrigðisstofnanir. Leitað er að einstaklingum í öflugt og framsækið teymi, sem þróar hugbúnað fyrir sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir.

Origo hugbúnaðarlausnir

Starfið felur í sér greiningu, hönnun, forritun og samþættingu upplýsingakerfa fyrir mörg af helstu fyrirtækjum landsins. Leitað er eftir einstaklingum sem hafa reynslu af þróun hugbúnaðarlausna fyrir Internetið og áhuga á að vinna að úrlausn verkefna með Microsoft þróunartólum s.s. .NET, BizTalk og SharePoint. Það er kostur ef umsækjendur hafa MCP eða MCAD gráðu frá Microsoft.

Hugbúnaðarþróun í Delphi

Theriak hugbúnaðarlausnir

Starfið felur í sér smíði og samþættingu hugbúnaðarkerfa fyrir heilbrigðisstofnanir. Leitað er að einstaklingum í öflugt og framsækið teymi sem þróar hugbúnað fyrir sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir.

Hæfniskröfur í hugbúnaðarþróun

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærileg menntun
- Haldgóð starfsreynsla af þróun hugbúnaðarkerfa
- Reynsla af vinnu eftir skjóludum verkferlum æskileg
- Samstarfshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Metnaður og vilji til að ná árangri í starfi
- Oracle og/eða MS SQL gagnagrunnsþekking

Viðskiptastjórar

Starfið felst í umsjón og þróun viðskiptatengsla hjá stærri viðskiptavinum. Viðskiptastjórar annast ráðgjöf, sölu, samningagerð og samskipti við viðskiptavinum.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskiptafræði, upplýsingatækni eða sambærileg menntun er skilyrði
- Góð þekking og brennandi áhugi á upplýsingatækni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Haldgóð reynsla af samningagerð á fyrirtækjamarkaði
- Einungis koma til greina einstaklingar sem hafa náð góðum árangri í samskonar starfi

Prófanastjóri

Libra fjármálhugbúnaður

Prófanastjóri ber ábyrgð á hugbúnaðarþróunum við þróun Libra hugbúnaðar. Viðkomandi annast bæði skipulagningu kerfisprófa og þróun á sjálfvirkum prófunum. Hann vinnur einnig að þróun prófanatilkvika og hefur umsjón með þróun á prófanakerfi ásamt virkri þátttöku í prófunum.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla á .NET, SQL og Visual Basic æskileg
- Brennandi áhugi á gæðum hugbúnaðar
- Skipulagshæfileikar, nákvæmni og vönduð vinnubrögð
- Þekking og/eða reynsla af hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkað er kostur
- Þarf að geta unnið sjálfstætt og leitt þróun nýs starfs

Verkefnastjóri

Libra fjármálhugbúnaður

Verkefnastjóri ber ábyrgð á stjórn stærri sem smærri verkefna við þróun Libra hugbúnaðar. Hann annast undirbúning, skipulagningu og áætlanagerð við upphaf verkefna, hefur forystu við framkvæmd þeirra og framfylgir verkáætlun. Þá annast hann uppgjör verkefna í samvinnu við verkefnahópa.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða upplýsingatækni
- Menntun og/eða reynsla af verkefnastjórnun
- Hæfni í mannlegum samskiptum, stuðlar að jákvæðum liðsanda og er hvetjandi

Þjónusta og ráðgjöf

Libra fjármálhugbúnaður

Starfið felur í sér almenna þjónustu við notendur Libra hugbúnaðar auk ráðgjafar og greiningu verkefna fyrir viðskiptavinum. Einnig er unnið að prófunum á hugbúnaði, handbókagerð og námskeiðahaldi ásamt innleiðingum hugbúnaðarkerfa.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða upplýsingatækni
- Starfsreynsla á fjármálamarkaði
- Reynsla af þjónustu og/eða ráðgjöf
- Áhugi á því að starfa í nánnum tengslum við fjármálamarkaðinn
- Góð tækni á ritadri íslensku og ensku
- Fagmennska, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Við leggjum áherslu á:

- Frábæran starfsanda og liðsheild
- Metnaðarfullt og árangursdrifið starfsumhverfi
- Fjölbreytt, spennandi og krefjandi verkefni fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins auk verkefna erlendis
- Góða starfsaðstöðu
- Símenntun í starfi
- Viðtæka möguleika á að þróast í starfi hérlendis sem erlendis

Hægt er að bíða eftir réttum einstaklingum.

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir og fyrirspurnir. Allar nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon, starfsmannastjóri. Umsóknir og fyrirspurnir óskast sendar til starfsmannastjóra, torfi@t.is, merktar viðkomandi störfum fyrir 1. mars nk.



Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er rekinn umfangsmikill og sérhæfður eldhúsrekstur sem samanstendur af einu framleiðslueldhúsi og sex matsölum.

Megin starfssvið eldhúss og matsala er að sjá um matargerð fyrir sjúklinga og starfsfólk spítalans. Afgreiddar eru til samans um 6000 máltíðir hvern virkan dag. Um 80% af matargerðinni er almennt fæði og um 20% sérfæði. Allir matseðlar, þjónusta og skipulag eldhúsrekstrar er stýrt með þarfir, óskir og væntingar sjúklinga og starfsfólks í huga og með tilliti til kostnaðar, næringar, gæða og öryggis. Unnið er með tvenns konar skömmunarkerfi, kantínuskömmun og einstaklingsskömmun á færribandi. Unnið er samkvæmt GAMES gæðakerfi og er áhersla lögð á innra eftirlit og gæðastjórnun. Eldhúsið sér einnig um sölu matvæla til deilda og veitingaþjónustu.

Matur er þáttur í meðferð sjúklings á spítala. Það er vandasamt verkefni að matreiða og skammta mat fyrir ólíka hópa sjúklinga og þar er fagleg þekking mikils virði. Störf í eldhúsi og matsölum eru fjölbreytt og krefjast jafnframt sjálfstæðra vinnubragða og henta vel fólki sem á gott með mannleg samskipti og hefur reynt af vinnumarkaði. Markmið okkar er að gæta hagkvæmni og tryggja öryggi matvæla og vinnuferla þannig að starfsfólk geti verið stolt af að vinna hjá eldhúsi og matsölum LSH

Aðgangur að starfsmannamatsal þar sem boðið er uppá heita og kalda rétti á kostnaðarverði. Vinnuveitandi leggur til öll vinnuföt nema skó. Starfsmenn LSH hafa aðgang að ókeypis heilsurækt hjá spítalum milli kl. 16 og 18 virka daga.

Eldhús og matsalir Landspítala – háskólasjúkrahúss eru fjölbreytt og vinnustaður. 30% starfsmanna eru af erlendu þjóðerni frá 10 þjóðlöndum.

Verkstjóri

óskast á kvöldvakt í framleiðslueldhúsi, Hringbraut. Um er að ræða 80% starf, vaktavinna.

Verkstjórnin stjórnar daglegum störfum í uppþvotti og matarskömmun á kvöldvakt. Hefur umsjón með matarskömmun. Tekur þátt í daglegum störfum eftir þörfum. **Hæfniskröfur:** Matarfræðingur, matreiðslumaður, matartæknir eða sambærileg menntun. Almenn tölvukunnátta, stjórnunarhæfileikar og góð samskiptahæfni. Íslenskukunnátta nauðsynleg.

Upplýsingar veitir Friðgerður Guðnadóttir, starfsmannastjóri eldhúss og matsala, Hringbraut, í síma 543 1604, netfang: fridgerd@landspitali.is

Matartæknir

óskast í almenna matargerð og sérfæði framleiðslueldhúsi Hringbraut. Um er að ræða 100% starf, vaktavinna.

Starfið felst í matargerð, matarskömmun, undirbúningi, tiltekt og frágangi samkvæmt verklýsingu deilda.

Hæfniskröfur: Matartæknir, skipulagshæfileikar og góð samskiptahæfni. Íslenskukunnátta nauðsynleg.

Upplýsingar veitir Friðgerður Guðnadóttir, starfsmannastjóri eldhúss og matsala, Hringbraut, í síma 543 1604, netfang fridgerd@landspitali.is

Birgðavörður

óskast til starfa á lager. Um er að ræða 80-100% starf, vaktavinna.

Starfið felst í tiltekt á vörum fyrir viðskiptavini eldhúss og skráningu í birgðakerfi.

Hæfniskröfur: Almenn tölvukunnátta og góð samskiptahæfni. Íslenskukunnátta nauðsynleg.

Upplýsingar veitir Friðgerður Guðnadóttir, starfsmannastjóri eldhúss og matsala, Hringbraut, í síma 543 1604, netfang fridgerd@landspitali.is

Umsóknarfrestur ofangreindra starfa er til 6. mars 2005 og skulu umsóknir berast til Friðgerðar Guðnadóttur, starfsmannastjóra eldhúss og matsala, Hringbraut.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.

Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksstötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

SAMKEPPNISSTOFNUN óskar eftir að ráða yfirlögfræðing til starfa

Um er að ræða nýtt starf og mun viðkomandi bera ábyrgð á lagalegri meðferð mála á samkeppnisviði stofnunarinnar gagnvart forstöðumönnum samkeppnis- og lagasviðs Samkeppnisstofnunar. Viðkomandi mun hafa áhrif á mótun starfsins. Starfið verður fjölbreytilegt og krefjandi og mun yfirlögfræðingur taka virkan þátt í því að vernda og efla samkeppni með framkvæmd samkeppnislaga.

Starfssvið:

- Lögfræðileg ráðgjöf
- Lögfræðilegur yfirllestur mála
- Þátttaka í stefnumótun samkeppnisviðs
- Ritun greinargerða
- Rekstur mála á samkeppnisviði

Hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun í samkeppnisrétti eða umtalsverð starfsreynsla á því sviði
- Haldgóð þekking á stjórnyslurétti
- Allnokkur starfsreynsla, t.d. í stjórnyslu eða lögmennsku
- Hæfni til að tjá sig í rituðu máli
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf og annað sem umsækjandi vill taka fram þurfa að berast SAMKEPPNISSTOFNUN, Rauðarárstíg 10, Pósthólf 5120, 125 Reykjavík, í síðasta lagi 23. mars nk. Frekari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 552 7422.

Samkeppnisstofnun fer ásamt samkeppnisráði með framkvæmd samkeppnislaga á fyrsta stjórnyslustingu og annast stofnunin dagleg störf ráðsins. Hlutverk samkeppnisyrivalda felst m.a. í því að framfylgja banni samkeppnislaga við samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og ákveða aðgerðir gegn slíkri háttsemi.

www.samkeppni.is



SAMKEPPNISSTOFNUN

Störf í grunnskólum Reykjavíkur

Álftamýrarskóli, sími 570 8100

Skólaliði. Í starfinu felst m.a. útivist með nemendum, vinna í matsal og þrif.

Háteigsskóli, símar 530 4302 og 664 8215

Umsjónarkennsla í 8. bekk, íslenskukennsla í 8. bekk og enska á miðstigi. Til 31. desember 2005.

Seljaskóli, sími 557 7411

Kennari, kennslugreinar eru íslenska í unglingsátt og danska í 7. bekk.

Upplýsingar veita skólastjórnar, aðstoðarskólastjórnar eða aðrir tilgreindir í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.

www.grunnskolar.is



Reykjavíkurborg



Fræðslumálastofnun
Reykjavíkur

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 535 5000, fmr@reykjavik.is



GARDABÆR

www.gardabaer.is

Leikskólinn Kirkjuból

auglýsir eftir leikskólakennara eða starfsmanni með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Laun skv. samningum Launaneftdar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Upplýsingar gefur Kamma Níelsdóttir leikskólastjóri, í síma 565-6322 og netfang kirkjubol@gardabaer.is

Hægt er að sækja um starfið með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á vef Gardabæjar www.gardabaer.is og taka fram hvaða starf er verið að sækja um.

Fræðslu- og menningar svið



Heilsugæslan í Salahverfi óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing í fullt starf.

Um er að ræða fjölbreytt starf við skólaheilsugæslu, ungubarnaeftirlit og hjúkrunarmóttöku á heilsugæslustöð.

Staðan er laus frá 15.júlí eða eftir nánara samkomulagi Reynsla af heilsugæslu æskileg.

Starfskjör taka mið af kjarasamningi FÍH. Öllum umsóknum verður svarað.

Upplýsingar gefur:
Hjördís Birgisdóttir, hjúkrunarforstjóri
Netfang: hjordis@salus.is
Sími: 590-3900.

Umsóknarfrestur er til 10.mars.n.k.
Umsókn sendist til: Heilsugæslunnar Salavegi.
B.t. Hjördís Birgisdóttir, Hjúkrunarforstjóri, Salavegi 2, 201 Kópavogi.

365

Óskum eftir öflugum sölumönnum í úthringiverkefni 2 - 4 kvöld í viku. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónus.

Vantar þig aukavinnu?

Nánari upplýsingar veitir Hrannar Arnarsson í síma 696 9043. Umsóknir með ferilskrá sendist á hrannar.arnarsson@365.is



digital island





Steypustöðin ehf. er framsækið þjónustu og framleiðslufyrirtæki sem skapar ásamt viðskiptavinum sínum verðmætar gæðalausnir.

Vegna góðrar verkefnastöðu, meðal annars við uppsteypu á álveri á Reyðarfirði, óskar Steypustöðin að ráða í eftirfarandi stöður.

Starf í útkeyrslu

Steypustöðin auglýsir eftir bílstjórum með meirapróf. Starfið felst í útkeyrslu steypubíls og afhendingu á steypu.

Starf á lyftara

Steypustöðin óskar eftir að ráða vanan starfsmann á lyftara með öll réttindi. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Síðastliðin tíu ár hefur verð á fasteignum hvarvetna í landinu hækkað en mismikið þó. Langmest er hækkingin á höfuðborgarsvæðinu og í nágrannasveitarfélögum þar sem eignir hafa að jafnaði hækkað um allt að 150 prósent á fimmtán árum og enn meira í einstaka hverfum. Algennt fermetraverð í Reykjavík árið 1990 var 66 þúsund krónur en nú má kaupandi teljast heppinn að eignast þak yfir höfuðið og borga minna en 170 þúsund krónur á hvern fermetra.

Þeir fasteignasalar sem Fréttablaðið hafði samband við voru sammála um að talsverður barningur væri á markaðnum í dag. Eftirspurn er enn talsvert umfram framboð og það er farið að skapa alvarleg vandamál því húseignendur sem hugsa sér til flutnings vilja ógjarna setja sínar eignir á sölu meðan ólíklegt er að viðkomandi finni aðra eign við hæfi

með auðveldum hætti. Meðan enn er einhver bið á þeim tæplega þrjú þúsund íbúðum sem í byggingu eru á suðvesturhorni landsins telja menn líklegt að slíkur flöskuháls verði á fasteignamarkaðnum fram eftir árinu.

Þessi staða hefur þýtt að samkeppni milli fasteignasala hefur aldrei verið harðari en nú er og hefur blaðið heimildir fyrir því að stöku óprúttir aðilar stundi það að reyna að fá seljendur hjá öðrum fasteignasölum yfir til sín með gylliboðum um að eign viðkomandi sé undirverðmetin og mun betra verð fáiast fyrir eignina skipti seljandi um fasteignasölu.

Greiningardeild KB banka hefur unnið ítarlega úttekt á framtíðarhorfum á húsnæðismarkaði hér á landi og samkvæmt spálfkani þeirra má gera ráð fyrir áframhaldandi hækkingunum á fasteignaverði á höfuðborgarsvæðinu út þetta ár um allt að átta prósent. ■

Hvað skiptir þig máli í auglýsingum?

„hug þu þu“

Val fólksins á visir.is

Verðlaun fyrir athyglisverðustu auglýsingar ársins verða afhent á Lúðrinum, föstudaginn 25. febrúar.

Við gefum þér kost á að segja þitt álit og velja „bestu auglýsinguna“ á visir.is

Atkvæðamesta auglýsingin hlýtur titilinn „Val fólksins“ og fær sérstök verðlaun á hátíðinni, sem Fréttablaðið og visir.is veita.

Taktu þátt og greiddu atkvæði á visir.is

Nöfn vinningshafa verða birt á visir.is og í Fréttablaðinu 25. febrúar.

FRÉTTABLAÐIÐ

visir

Ódýrustu kaupin í borginni

„Breiðholtið nær yfir stórt svæði og ekkert einhlítt verðlag á fasteignum þar en óhætt er að segja að Fellahverfið er það hverfi sem verið hefur hvað ódýrast á markaðnum,“ segir Snorri Egilsson, sölustjóri hjá fasteignasölu Borgum. Segir hann að þrátt fyrir þá miklu hækkingu sem orðið hefur víðast hvar í hverfum

borgarinnar skeri Fellahverfið sig nokkuð úr og fermetraverð þar betra en víðast.

„Ein ástæðan er væntanlega sú að þarna var talsvert af félagslegum íbúðum og svæðið ber þess aðeins merki en auðvitað kemur margt annað til. Íbúðir þar eru að jafnaði í minni kantinum og margir þeir sem eru í íbúðarleit

leita eftir að stækka við sig.“

Snorri segir að talsverð harka sé á markaðnum þessar vikurnar enda framboð lítið og margir að berjast um en telur að fasteignasölu á borð við Borgir sem verið hafa starfræktar um langt árabil njóti meira trausts en þær fjölmörgu sölu sem tekið hafa til starfa á síðustu árum. ■




BLOKKARÍBÚÐIR Í BREIÐHOLTI Fermetraverð þar hefur hækkað minna en í flestum öðrum hverfum höfuðborgarinnar undanfarnin ár en engu að síður er hækkingin umtalsverð og fátt fæst þar undir tólf milljónum króna.

Miðbærinn áfram eftirsóttur



„Engum blöðum er um það að fletta að miðbærinn heillar marga og ástæðurnar eru margvíslegar,“ segir Steinar S. Jónsson, sölustjóri hjá Lyngvík. Hann segir fullvíst að áfram verði dýrt að kaupa í miðbænum í samanburði við önnur hverfi. „Það helgast af þeirri uppbyggingu sem þar er. Fallegar nýbyggingar eru að rísa í stað gamalla úr sér genginna húsa og þeir sem þar búa lenda til að mynda lítið í þeirri miklu umferð sem er inn í borgina á hverjum morgni.“

40 FERMETRA EINSTAKLINGS-ÍBÚÐ Í MIÐBÆNUM



MIÐBÆR REYKJAVÍKUR Fermetraverð þar hækkar að jafnaði fyrst og mest enda fjölgar þeim óðum sem hafa hug á að búa þar og er þar bæði um að ræða ungt fólk sem nýkomið er frá námi og eins hina sem orðnir eru fullorðnir og vilja njóta þeirrar hringiðu mannlífs sem þrífst í miðbænum.

Raunhæfara verð á Akureyri


„Það sem vakið hefur athygli mína undanfarna mánuði er hversu margar fyrirspurnir berast orðið frá Reykjavík um húsnæði hér fyrir norðan,“ segir Sigurbjörg Sigfúsdóttir, sölustjóri á fasteignasölu Holti á Akureyri. Hún segir að eftir-

spurn sé enn langt umfram framboð á Akureyri og ekki sé að sjá að það breytist í bráð. Sigurbjörg segir fjölmarga höfuðborgarbúa leita hófa hjá sér og hyggja á búferlaflutninga norður en það standi norðanmönnum fyrir þrifum hversu

lítið framboð sé á eignum. „Ástandið er með þeim hætti þessa dagana að það sem flokkast öllu jöfnu undir erfiðar eignir sem seljast ekki auðveldlega eru farnar að hreyfast tiltölulega hratt enda mikill skortur á öllum tegundum eigna.“



150 FERMETRA PARHÚS Á AKUREYRI



PARHÚSALENGJA Á AKUREYRI Gríðarleg eftirspurn er eftir alls kyns húsnæði fyrir norðan og gæla menn við að nú sé loks komið að því að Akureyri stækki og myndi sterkara mót vægi við suðvestursvæðið sem ákjósanlegur staður til að búa á og vinna.

Verð hækkar vart meira


„Við höfum orðið varir við það í fyrsta sinn undanfarna tvo mánuði að íbúðakaupendur eru hættir að láta bjóða sér hvað sem er,“ segir Vilhjálmur Einarsson, fasteignasali hjá Eignaborg í Kópavogi, en sú fasteignasala hefur verið starfrækt síðan árið 1977 og þekkir Vil-

hjálmur vel til markaðarins í bænum. Hann segir að í sínum huga sé orðið ljóst að fasteignaverð hækki ekki meira en þegar hefur orðið. „Það kom sprengja með innkomu bankanna í haust en þar var fyrst og fremst um endurfjármögnun að ræða og

hefur verið hundruðum manna kjarabót enda veit ég til þess að greiðslubyrði eins íbúðareiganda lækkaði um tæplega hundrað þúsund krónur á mánuði og munar um minna. Mín tilfinning er sú að fólk er orðið varara um sig og það er nýmæli hin síðari ár.“



200 FERMETRA EINBÝLISHÚS Í KÓPAVOGI



EINBÝLISHÚS Í KÓPAVOGI Kópavogur hefur um hríð verið einn vinsælasti staðurinn til íbúðarkaupar, sérstaklega þar sem framboð í Reykjavík var lengi vel lítið sem ekkert.



Bókaðu á netinu á lágsta verðinu okkar
Glæsilegar ferðir í sólina á ótrúlegu verði

Heitir páskar

- Páskaferðir:**
- Kanaríeyjar Uppselt!**
- Kúba Uppselt!**
- Benidorm/Albir 19. mars - 12 nætur**
- Portúgal 17. mars - 12 nætur**
- Dublin 24. mars - 4 nætur**

Benidorm, 19. mars - 12 nætur
Netverð frá **49.900 kr.**
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja til 11 ára í íbúð m/2 svefnh. á La Colina. 59.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíói.

Portúgal, 17. mars - 12 nætur
Netverð frá **54.900 kr.**
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja til 11 ára í íbúð m/2 svefnh. á Ondamar. 72.329 kr. á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíói.

Dublin, 24. mars - 4 nætur
Netverð frá **50.320 kr.**
á mann í tvíþýli á Juris Inn hótelinu.

- Vorferðir:**
- Benidorm 31. mars - 11 nætur**
- Portúgal 29. mars - 12 nætur • 10. apríl - 8 nætur**
- 18. apríl - 9 nætur**

- Vorferðir Úrvalsfólks:**
- Benidorm 11. apríl - 37 nætur**
- Portúgal 27. apríl - 27 nætur**

Benidorm, 11. apríl - 37 nætur á La Colina. Verð frá 74.900* kr. á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíói.	Portúgal, 27. apríl - 27 nætur á Brisa Sol eða Paraiso de Albufeira. Verð frá 95.200* kr. á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíói.
--	---

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Allt verð er netverð nema vorferðir Úrvalsfólks. Bóka þarf og greiða staðfestingargjald, eða fullgreiða ferð á netinu. Ef bókað er símléiðis eða á skrifstofu, greiðist bókunar- og þjónustugjald, sem er 2.000 kr. á mann.

Verðlauna krossgátan

Leystu krossgátuna!
Þú gætir unnið tvo miða á tónleika *Plácido Domingo* sem haldnir verða í *Egils Höll* 13. mars 2005.

Miðasala í verslunum Skífunnar: Laugavegi, Kringlunni og Smáralind og í verslunum BT á Akureyri og Selfossi.



**Þú sendir inn lausnarorðið með SMS!
Þú sendir SMS skeytið
JA LAUSN "Lausnarorðið" á númerið 1900!**

1 2 3 4 5

Verðlauna myndgátan

Leystu myndgátuna!
Þú gætir unnið geisladiskinn *The Very Best Of Cat Stevens*



**Þú sendir inn lausnarorðið með SMS!
Þú sendir SMS skeytið
JA MYND "Lausnarorðið" á númerið 1900!**

Störskemmtileg mynd þar sem Annette Bening fer á kostum í myndinni *Being*

..... dans leikhúsið en engu líkt

Hefur kjark til að takast aftur á við Evróvisjón aftur

En bæst í flöru fjölmiðla, nú er að útvarpsstöðin

Þessir eru nú algerir

Ekki fréttamaðurinn aftur í loftið

	52	DÆLD	LENGST FRÁ	A-PÝSK LEYNI-LÖGREGLA	HEY
	SJ OG BRAGI	FLÍN KUR			
FUNDIN LAUSN					
LÍFFÆRI				1	
LÍF-FÆRIÐ		BANDA-RÍKIN			
SKRIFT Á KROSSI		TARFUR			ÁVERKI
ÁTTIR			ÁTT	1000 KOMAST	
ÚT-LENSKS	STAU-AR	KLOSS-ADAR	TIGNAR-MAÐUR LÆRÐI	500	KONA AUMT
ÞVAÐRA			HÆÐ SÓA		TVEIR EINS
ÍSL. STAFUR	BURDARJ				
LENGRA FRÁ			UTARI STEFNUR		
ÖKU-KEPPN-IN			KUNST		FLJÓT MÆLI-EINING
FERÐA-LAG	↓			EIGNAR-FALL UNÐAN T	KONUNAFN KIRKJU-ATHÖFN
UNÐAN I	SKILA-BOÐ			SÖGN LOFAR	
FYRSTUR	MAKAR GLAÐUR			MATUR GEFUR UPP SAKIR	
LÍÐIÐ LÍK			DRYKKJU-MANN	2	SAM-HLJÓÐAR KYN
ÓNEFND-UR		Í EGGI	LEYFIST TVEIR EINS		GUÐIR
KIND	↓		LAUG		MÆLA ÆRU
ÓRÓI	↓		BROTN-ADI HRUN		Í RÖÐ ELÐUR
				KYRRÐ SPAKAR	LÍKAMS-PART NÚMER
ÁST-LEITNI			5	FUGLINN	Í RÖÐ
NAUÐA					
DÓTI		4			GRAMUR UNÐAN U
EINN	EKKI LOKAÐ	ÆR	TÍTT DUG-MIKLI		ÍPRÓTTA-FÉLAG FRÉTTAST. MARG-HÁTTAÐUR
				?	RÍFIST
VEFA					VERK-FÆRI KLÆÐI
FLJÓTIÐ			Í RÖÐ UPPTÖK		ADA HRÓPA
			SÓMI	STJÓRNI	SAGNORÐ
			Á FISKUM		KVÆÐIS
ENDING				RÓMUR ÍSL. STAFUR	EFTIR T LEIT
SKJÖGR-AR					VEISLA
					ÓLOGIÐ

Hvernig sendi ég inn lausnarorðin?
Dæmi hvernig SMS gæti lítið út ef svar er Jón.
Þá sendir þú SMS-ið **JA MYND JON.**

JA MYND JON
SEND

ELÍN SVAVARSDÓTTIR BÝR Í NEW ORLEANS

Eikartré og skrúðgöngur

Ég er myndlistarmaður og bý í New Orleans og hef gert það í mörg ár. Þessi borg er mjög sérstök að mörgu leyti. Hérna er til dæmis franskt hverfi sem hefur mjög óvenjulegan blæ vegna þess að þrátt fyrir að byggingarnar séu flestar byggðar í frönskum stíl, þá er það að mestu byggt af Spánverjum. Annað sem einkennir þessa borg og gefur henni sterka borgarmynd eru þessi eikartré sem eru hér út um allt. Veðurfarið hér er mjög gott og það er eiginlega alltaf hlýtt. New Orleans er mjög lifandi borg og það er mikið um skemmtanir og hátíðir. Ein af mörgum, er til dæmis *Mardi Gras*, sem myndi vera sprengidagur okkar Íslendinga. Þá er mikið um skrúðgöngur í miðborginni og í raun stanslaus glaumur og gleði í fjóra daga, alveg þar til á miðnætti á sprengidag. Önnur hátíð

sem líka er hægt að nefna, er *Jazz Festival*, sem fer fram síðustu helgina í apríl og þá síðustu í maí. Þar má heyra innfædda sem og aðkomumenn skemmta og spila á nokkrum sviðum víðs vegar um borgina. New Orleans er ekki bara tónlistarborg, þó að vissulega fari mikið fyrir henni. Hérna er *Jean Lafitte's Park*, sem er fenjaþjóðgarður og sýnir hvernig var hér umhorfs þegar Evrópubúar komu hingað, en áður en farið er þangað er gott að búa sig undir það að ganga. Hér er líka *Oak Alley Plantation* en þar er hægt að sjá hvernig plantekrueigendurnir lifðu hér áður fyrr. Ef menn vilja svo fá sér almennilega steik, þá má nefna *Dickie Brennans*, en sá veitingastaður býður upp á einu bestu steikina á svæðinu, ef ekki í Bandaríkjunum.



FRÁ NEW ORLEANS Byggingar í frönskum stíl einkenna borgina.

Átaksvika vegna heimilisofbeldis 14. – 21. febrúar

BÝRÐU VIÐ OFBELDI Á HEIMILINU?



Hringdu í 1717 – Hjálparsíma Rauða krossins

1717 - Hjálparsími Rauða krossins er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem finnst þeir vera í vanda og þurfa einhvern til að tala við. Símtal í 1717 er gjaldfrjálst og kemur hvernig fram á simreikningum.

Síminn er bakhjarl 1717 - Hjálparsíma Rauða kross Íslands.

Við hlustum á þig
Við upplýsum um úrræði
Við bendum þér á leiðir út úr vandanum

 Rauði kross Íslands

Glæsilegar páska- og vorferðir



Kanarí
2.-18. mars - á Marbella Golf
Netverð á mann frá
49.900 kr.
miðað við að 2 ferðast saman.

Benidorm
19.-31. mars - á Halley
Netverð frá
43.140* kr.
60.180 kr. ef 2 ferðast saman

Portúgal
17.-29. mars - á Alagoamar
Netverð frá
47.790* kr.
70.115 kr. ef 2 ferðast saman



Costa del Sol
8.-19. maí - á Santa Clara
Netverð á mann frá
53.700 kr.
miðað við að 2 ferðast saman.

Mallorca
18.-25. maí - á Pil Lari Playa
Netverð frá
38.435* kr.
45.960 kr. ef 2 ferðast saman

Alicante
Páskaferðir 19.-31. mars
Netverð - flugsæti
29.980 kr.
á mann

Innifalið: Flug, gisting og flugvallarskattar.
*M.v. að 2 fullorðnir og 2 börn 2ja - 11 ára, ferðist saman.

Bókaðu strax - besta Plúsferðaverðið á netinu!

Verð miðast við að bókað sé á netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.



sport
sport@frettabladid.is

Við hrósum ...

Kristínu Guðmundsdóttur, leikmanni Stjörnunnar, fyrir að hafa tekið af skarið á mikilvægum tímum í Evrópu-leikum í Ásgarði í gær.



Við skorum á ...

... Garðbæinga og annað handboltaáhugafólk að fjölmenna á seinni Evrópu-leik Stjörnunnar í dag. Stjarnan á góða möguleika á að komast áfram og góður stuðningur getur riðið baggamuninn.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FEBRÚAR

17 18 19 20 21 22 23

Sunnudagur

LEIKIR

- 12.15 KA og Keflavík eigast við í deildarbikar karla í fótbolta í Boganum.
13.00 ÍBV og Fylkir eigast við í deildarbikarum í knattspyrnu karla í Reykjaneshöll.
16.30 Haukar og Víkingur mætast á Ásvöllum í DHL-deildinni í handknattleik karla.
17.00 FH og KR eigast við í deildarbikar karla í Egilshöll.
19.00 Valur og Grindavík eigast við í deildarbikar karla í Egilshöll.
19.15 Fjölnir og Njarðvík mætast í Grafarvogi í Inter-sportdeildinni í körfuknattleik.
19.15 KFÍ og KR mætast á Ísafirði í Inter-sportdeildinni í körfuknattleik.
19.15 Keflavík og Hamar/Selfoss mætast í Keflavík í Inter-sportdeildinni í körfuknattleik.
19.15 Tindastóll og Skallagrímur mætast á Sauðárkróki í Inter-sportdeildinni í körfuknattleik.
19.15 ÍR og Snæfell mætast í Seljaskóla í Inter-sportdeildinni í körfuknattleik.
21.00 Víkingur R. og ÍA eigast við í deildarbikarum í knattspyrnu karla í Egilshöll.

sjónvarp

- 08.55 Hnefaleikar á Sýn. Á meðal þeirra sem mætast eru Bernard Hopkins og Howard Eastman.
10.40 Spænski boltinn á Sýn. Real Madrid - Bilbao.
12.20 Skoski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Celtic og Rangers.
14.25 Bestu bikarmörkin á Sýn.
15.05 Áskorendakeppni Evrópu í handknattleik á Rúv. Bein útsending frá leik Stjörnunnar og MKS Vitral Jelfa.
15.45 Enska boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Newcastle og Chelsea.
19.55 Ítalski boltinn á Sýn. AC Milan - Cagliari.
21.45 Helgarsportið á Rúv.
21.45 Hnefaleikar á Sýn. Meðal þeirra sem mætast eru B. Hopkins og Howard Eastman.
23.05 Stjörmueikur NBA 2004 á Sýn.
01.30 Stjörmueikur NBA 2005 á Sýn. Bein útsending frá Stjörmueikum í NBA-körfuboltanum.

Hekla tryggð i jafnteflið

Stjarnan lék gegn MKS Vitral Jelfa frá Póllandi í áskorendakeppni Evrópu í handknattleik kvenna í gær. Lokamínútur leiksins voru æsispennandi og réðust úrslitin á vítalínunni, 15 sekúndum fyrir leikslok.

HANDBOLTI Stjarnan tók á móti pólska liðinu MKS Vitral Jelfa í áskorendakeppni Evrópu í handknattleik kvenna í gær. Leikurinn var sá fyrri af tveimur en liðin mætast að nýju í dag. Leiknum lyktaði með jafntefli en jafnt var á flestum tölum undir það síðasta.

Stjörnustúlkur byrjuðu leikinn betur og komust í 4-0. Kristín Guðmundsdóttir fór mikinn á þessum tíma, skoraði 4 af fyrstu 5 mörkum liðsins og pólska liðið komst ekki á blað fyrir en eftir 6 mínútna leik. Vörn Stjörnunnar var mjög föst fyrir á þessum kafla og liðið setti góða pressu á boltann og fann þjálfari gestanna sig knúinn til að taka leikhlé eftir að rúm- ar sjö mínútur voru liðnar af leiknum.

Pólsku stelpurnar tóku við sér eftir það og þá sérstaklega Agata Wypych sem skoraði 8 mörk í fyrri hálfleik og lék vörn Stjörnunnar oft á tíðum grátt. Vitral sigldi fram úr undir lok fyrri hálfleiks og staðan í leikhléi var 15-16, gestunum í vil.

Gestirnir héldu uppteknum hætti í seinni hálfleik, náðu fljótlega þriggja marka forskoti en Stjarnan var þó alltaf að narta í hælana á pólsku stelpunum.

Hekla Daðadóttir og Kristín Guðmundsdóttir komust í gang í seinni hálfleik, hörkuskyttur þar á ferð. Þá var Jelena Jovanovic öflug í markinu og þegar 10 mínútur voru eftir var staðan jöfn, 27-27. Jafnt var á flestum tölum eftir það en Vitral komst einu marki yfir þegar 37 sekúndur voru til leiksloka. Þjálfari Stjörnunnar tók þá leikhlé og Kristín freistaði þess að jafna leikinn en skot hennar var varið. Anna Blöndal náði að stela boltanum og Elísabet Gunn-



NÍU MÖRK KRISTÍNAR Kristín Guðmundsdóttir var markahæst Stjörnustúlka í Ásgarði í gær og tók af skarið á úrslitastundu. Fréttablaðið/Vilhelm

arsdóttir fiskaði vítakast þegar 15 sekúndur voru eftir. Hekla Daðadóttir var öryggið uppmálað og jafnaði leikinn, 30-30. Pólska liðið komst lítt áleiðis á lokasekúndunum og jafntefli var staðreynd. „Nú er bara hálfleikur af því að við mætum liðinu aftur á morgun [í dag],“ sagði Erlendur Ísfeld, þjálfari Stjörnunnar. „Þetta var svona að hætti hússins má segja. Við tókum rispur en það var óþarfi að hleypa þeim inn í leikinn aftur, hefðum frekar átt að keyra á þær í stað þess að slaka á. En ég er mjög ánægður með liðið og mér finnst það eiga mikið inni. Við förum óhrædd í seinni leikinn,“ sagði Erlendur.

smari@frettabladid.is

LEIKIR GÆRDAGSINS

Áskorendakeppni Evrópu

STJARNAN-VITRAL JELFA 30-30

Mörk Stjörnunnar: Kristín Guðmundsdóttir 9, Hekla Daðadóttir 6, Anna Blöndal 3, Hind Hannesdóttir 3, Elsbjeta Kowal 3, Elísabet Gunnarsdóttir 2, Ásdís Sigurðardóttir 2, Anna Einarsdóttir 1, Kristín Clausen 1.
Varin skot Stjörnunnar: Jelena Jovanovic 12, Helga Vala Jónsdóttir 1.

Mörk Vitral Jelfa: Agata Wypych 11, Katarzyna Duran 7, Marta Oreszczuk 4, Anita Augustyniak 3, Magdalena Meot 2, Iwona Szafiska 2, Anna Dyba 1.

Varin skot Vitral Jelfa: Justyna Albercink 6, Izabela Czarna 5.



SHAW Í STUDI Demetric Shaw skoraði 33 stig og gaf 7 stoðsendingar. Fréttablaðið/Vilhelm

Friðalsar íþróttir: Silja nálægt sínu besta

FRJÁLARSAR ÍÞRÓTTIR Silja Úlfarsdóttir úr FH hafnaði í gær í þriðja sæti í 400 metra hlaupi og fjórða í 200 metra hlaupi á ACC Háskóla-meistaramótinu í frjálsum íþróttum innanhúss, sem haldið var í Chapel Hill í Norður-Carólínu-fylki í Bandaríkjunum.

Silja hljóp 400 metrana á 54,10 sekúndum og 200 metrana á 24,32 sekúndum, sem er hennar næst besti árangur í greininni.

Þá voru íslenskir keppendur í eldínunni í Gautaborg í gær, þar sem að Sunna Gestsdóttir lenti í þriðja sæti í langstökki á innanhússmóti með því að stökkva 5,49 metra. Gauti Ásbjörnsson hafnaði í 14. sæti í 200 metra hlaupi þegar hann hljóp á 24,06 sekúndum, varð 10. í stangarstökki með 4,27 metra og hafnaði í 12. sæti í langstökki með 6,03 metra.

LEIKIR GÆRDAGSINS

DHL-deild karla

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include HK-VALUR 31-28, Mörk HK: Augustas Strazdas 6, Tómas Eitutus 5, Elias Már Halldórsson 5, Ólafur Viðir Ólafsson 5, Valdimar Þórssón 4, Mörk Vals: Sigurður Eggertsson 6, Hjalti Þór Pálmarsson 4, Baldvin Þorsteinsson 4, Brendan Þorvaldsson 3, Vilhjálmur Ingi Halldórsson 3, Ásbjörn Stefánsson 3, Kristján Þór Karlsson 2, KA-ÍBV 28-28, Mörk KA: Halldór Stefánsson 6, Magnús Stefánsson 5, Sævar Árnason 5, Ragnar Njálsson 4, Hörður Þinnar Sigþórsson 4, Jónatan Þór Magnússon 3, Andri Snær Stefánsson 1, Mörk ÍBV: Samúel Árnason 7, Zoltán Belányi 6, Andrija Adzic 6, Sigurður Bragason 3, Róbert Bognar 3, Svavar Vignisson 2, Kári Kristjánsson 1, ÞÓR AK.-ÍR 31-39, Mörk Þórs: Aigarr Lazdins 7, Árni Sigtryggsson 5, Bjarni C. Bjarnason 4, Elfar Alfreðsson 3, Cedric Hakerberg 3, Sindri Víðarsson 2, Þorvaldur Sigurðsson 2, Sigurður B. Sigurðsson 2, Goran Gusic 1, Arnór Þór Gunnarsson 1, Sindri Haraldsson 1, Mörk ÍR: Bjarni Fritzon 8, Tryggvi Haraldsson 8, Hannes Jón Jónsson 7, Ragnar Helgason 5, Ólafur Sigurjónsson 4, Ingimundur Ingimundarson 3, Ísleifur Sigurðsson 2, Fannar Þorbjörnsson 2.

STAÐAN

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include HK 9 6 0 3 290-266 12, KA 9 4 2 3 271-270 10, ÍR 9 5 0 4 281-275 10, Haukar 8 4 1 3 253-242 9, Valur 9 4 0 5 233-249 8, ÍBV 8 3 1 4 240-234 7, Víkingur 8 3 0 5 219-228 6, Þór Ak. 8 3 0 5 226-249 6.

DHL-deild kvenna

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include FH-GRÖTTA/KR 28-26, Mörk FH: Gunnur Sveinsdóttir 8, Dröfn Sæmundsdóttir 6, Mörk Gröttu/KR: Arndís María Erlingsdóttir 7, VALUR-ÍBV 18-26, Mörk Vals: Katrín Andrésdóttir 5, Mörk ÍBV: Darinka Stefanovic 8.

STAÐAN

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include HAUKAR 17 14 2 1 504-396 30, ÍBV 18 15 0 3 524-449 30, STJARNAN 17 8 3 6 432-406 19, VALUR 18 9 0 9 429-439 18, FH 18 7 4 7 479-502 18, GRÖTTA/KR 17 5 0 12 385-430 10, VÍKINGUR 17 4 0 13 407-451 8, FRAM 17 3 1 13 382-467 7.

Inter-sportdeildin í körfu

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include HAUKAR-GRINDAVÍK 110-85, Stig Hauka: Demetric Shaw 33 (7 stoðs.), Michael Manciel 26 (19 frá), Sævar Haraldsson 20 (9 stoðs.), Kristinn Jónsson 10 (6 frá), Sigurður Einarsson 9, Mirki Virijevic 7 (9 frá), Gunnar Sandholt 4, Ásgeir Ásgeirsson 1, Stig Grindavíkur: Darrel Lewis 24 (7 stoðs.), Jeffrey Boshee 23 (6 stoðs.), Terrel Taylor 11, Ármann Vilbergsson 8, Morten Szmielowicz 8, Davíð Hermannsson 6, Páll Vilbergsson 3, Eggert Pálsson 2.

STAÐAN

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include KEFLAVÍK 18 15 3 1665-1436 30, SNÆFELL 18 14 4 1584-1460 28, NJARÐVÍK 18 12 6 1625-1438 24, FJÖLNIR 18 12 6 1681-1652 24, SKALLAGR. 18 10 8 1569-1498 20, ÍR 18 10 8 1648-1618 20, KR 18 9 9 1613-1566 18, GRINDAVÍK 19 8 11 1735-1804 16, HAM./SELF. 18 7 11 1633-1686 14, HAUKAR 19 7 12 1663-1661 14, TINDAST. 18 4 14 1511-1711 8, KFÍ 18 1 17 1494-1891 2.

1. deildin kvenna í körfu

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include HAUKAR-KEFLAVÍK 69-71, Stig Hauka: Ebony Shaw 28 (8 frá), Helena Sverrisdóttir 12 (17 frá, 9 stoðs.), Ösp Jóhannsdóttir 7 (6 frá), Krístrún Sigurjónsdóttir 6 (6 frá), Pálina Gunnlaugsdóttir 5, Ragnheiður Theodórsdóttir 5, Hanna Hálfánardóttir 4, Svanhvit Skjaldardóttir 2, Stig Keflavíkur: Birna Valgarðsdóttir 17 (5 stoðs.), Alexandria Stewart 14 Bryndis Guðmundsdóttir 13, Anna María Sveinsdóttir 13 (9 frá, 6 stoðs.), María Erlingsdóttir 8 (9 frá), Rannveig Randversdóttir 6.

STAÐAN

Table with 2 columns: Team and Score. Rows include KEFLAVÍK 17 14 3 1364-1074 28, GRINDAVÍK 17 12 5 1054-1015 24, ÍS 17 10 7 1100-1028 20, HAUKAR 17 8 9 1133-1183 16, NJARÐVÍK 17 5 12 1024-1117 10, KR 17 2 15 992-1253 4.

Intersportdeildin í körfubolta á Ásvöllum í gær: Haukar eiga enn möguleika

KÖRFUBOLTI Haukar eiga enn möguleika á sæti í úrslitakeppni Inter-sportdeildarinnar í körfubolta eftir 25 stiga sigur á Grindavík á Ásvöllum í gær. Haukar náðu með þessum stórsigri betri innbyrðistöðu gagnvart Grindavík og það stefnir í hörkubaráttu milli Hamars/Selfoss, Grindavíkur og Hauka um síðasta sætið inn í úrslitakeppnina. Grindavík

verður að vera ofar en þessi bæði lið því þeir eru með lakari innbyrðisstöðu gegn þeim báðum. Haukar fara til Hveragerðis á fimmtudaginn og mæta heimamönnum í einum af úrslitaleikjunum um lokasætið inn í úrslitakeppnina en liðin eru nú jöfn með 14 stig, tveimur á eftir Grindvíkingum sem fengu á sig 100 stig fjórða leikinn í röð.

Advertisement for 'húmor' with text: Hvað skiptir þig máli í auglýsingum? 'húmor' Val fólksins á visir.is. Verðlaun fyrir athyglisverðustu auglýsingar ársins verða afhent á Lúðrinum, föstudaginn 25. febrúar. Við gefum þér kost á að segja þitt álit og velja „bestu auglýsinguna“ á visir.is. Atkvæðamesta auglýsingin hlýtur titilinn „Val fólksins“ og fær sérstök verðlaun á hátíðinni, sem Fréttablaðið og visir.is veita. Taktu þátt og greiddu atkvæði á visir.is. Nöfn vinningshafa verða birt á visir.is og í Fréttablaðinu 25. febrúar.

Opfið í dag

Láttu flata daga ekki koma flatt upp á þig

DVD
skrifari

DV ready

Nú er ekkert mál að tengja tökuvélna við tölvuna, klippa til og skrifa á DVD.



ATI skjákort

128 MB ATI skjákort tilbúið í leikina



60GB harður diskur

Nauðsynlegt er að hafa mikið pláss til að geyma gögn í dag. 60GB er með því allra stærsta í ferðavélum í dag. 54Mbps staðallinn að sjálfsgöðu.

60 GB

Dothan örgjörvi

Ný útgáfa af Centrino örgjörvunum sem afkastar allt að 22% meira.



DDR vinnsluminni

Vélin kemur útbúin 512MB DDR vinnsluminni. Þetta vinnsluminni minnkar álagið á harða diskinn og eykur hraða í vinnslu tölvunnar.

512MB

Notaðu 2 skjái.

Auðvelt er að tengja tölvuna við tölvuskjá og nota hann sem vinnupláss. Hægt er að nota 2 skjái sem einn.



TV out

Auðvelt er að tengja tölvuna við sjónarp. harða diskinn og eykur hraða í vinnslu tölvunnar.



Þráðlaust net

Vélin er með innbyggðu þráðlausu neti sem er nauðsynlegt í ferðavélum í dag. Nýjasti 54Mbps staðallinn að sjálfsgöðu.



Notaðu tvo skjái í einu!

17"

FLATUR SKJÁR

Maður hallar ekki undir flatt í svona skjá þó flatur sé!

FYLGIR

29.999

5.439*

5.439*
Tölvukaupalán 48 mán.

16.499**
Vaxtalaust 12 mán.

197.988
Staðgreitt

MEDION C6

MEDION C6 Centrino 3140 MD95067

- Intel® Pentium® M 1.6 GHz (725) - DOTHAN
- 15.4" WXGA TFT (1280x800)
- ATI® MOBILITY™ RADEON™ 9700 128MB DDR
- 512 MB DDRRAM 333MHz PC2700
- 60 GB Harður diskur UltraDMA 4200RPM
- Super DVD RW skrifari
- 3x USB 2.0 & 1x 1394 FIRvEWIRE
- Wi-Fi® Intel® PRO/Wireless 2200BG (54Mbps)
- TVOUT and + 4in1 multcardreader, 1x VGAout



HALF-LIFE 2 CERTIFIED

3 fyrir 2 PLATINUM tilboð!

Þú kaupir tvo leiki á 2.999 krónur stykkið og þú færð þriðja frítt!

Ótrúlegt verð!

BT

Undrakallarnir í Udine

... Einar Logi skrifar um fótíðingarnir í Suður-Evrópu

Undanfarnir áratug hefur lið Udinese frá borginni Udine á Norðaustur-Ítalíu jafnan verið í hópi betri liða í Serie A. Liðið hefur ídulega náð sæti í Evrópukeppni þótt hin gjöfula Meistaradeild hafi verið handan augnsýnar. Liðið hefur komið mjög á óvart í vetur með góðum leik og gæti hæglega komist í Meistaradeildina næsta vetur. Í liðinu eru engar stórstjörnur en það er haganlega samsett, með trausta vörn og spræka framherja, þá Di Natale og laquinta.

Ólán á Delle Alphi

Miðað við ganginn á Udinese síðustu vikur og hikstið í Juventus vélinni undanfarið áttu margir von á að Udinese næði að stríða Juve á Delle Alphi um helgina. Af einhverjum ástæðum ákváðu Juve-menn að leika í varabúningum sínum á heimavelli og leyfa Udinese að skarta svart-hvíttröndottu búningunum sem eru keimlíkir hinum kunna búningi heimamanna. Að fá að leika í aðalbúningum sínum virtist þó ekki færa Udinese gæfu í þessum leik því liðið fékk á sig klaufalegt mark eftir aðeins hálfu mínútu og var í endalausum eltingarleik allan tímann. Úrslitin allnokkur vonbrigði þeirra sem vonuðust eftir frekari spennu í toppbaráttuna en bót í máli fyrir Udinese var að öll hin liðin sem berjast um hið dýrmæta fjórða sæti töpuðu stigum. Þessa helgina er enn mikilvægari leikur, á heimavelli gegn Inter og myndi sigur fleyta Udinese í 3. sæti.

Zico ævintýrið dýra

Lykfillinn að velgengni Udinese undanfarnir ár hefur verið skynsamleg uppbygging þar sem leikmannahópurinn hefur verið endurnýjaður reglulega og forsvarsmennirnir verið lunkir við að þefa uppi góða leikmenn í neðri deildunum auk þess sem þeir hafa verið óhræddir við að gefa leikmönnum sem komnir eru á síðasta snúning tækifæri á að framlengja ferilinn. Þannig leikur hinn 39 ára gamli Argentínumaður Nestor Sensini aðalhlutverkið í sterkri vörn liðsins. Sensini er að leika fimmtándu leiktíð sína í Serie A og hóf ferilinn á Ítalíu einmitt hjá Udinese áður en hann gekk til liðs við Parma þar sem hann stoppaði í sjö leiktíðir áður en hann sneri aftur til Udinese með einnar leiktíðar millilendingu hjá Lazio. Udinese er ekki ríkt félag og missir alltaf reglulega frá sér menn. Því er aðdáunartvert hvernig forsvarsmönnum liðsins hefur tekist að halda því í fremstu röð. Þeir vita líka af biturri reynslu að óhöfleg eyðslusemi getur komið mönnum í koll eins og sannaðist fyrir tveimur áratugum er liðið keypti Brasíliumanninn Zico fyrir metfé. Zico spilaði frábærliga, var næstmarkahæstur í deildinni á eftir Platini, en hann var stór fiskur í lítilli tjörn og liðið fór næstum á hausinn á útgjöldunum sem honum fylgdu. Zico hélt því heim eftir aðeins tvær leiktíðir sem var mikill missir fyrir ítalska boltann enda segir Roberto Baggio að Zico sé besti erlendi leikmaðurinn sem leikið hafi í Serie A. Udinese féll um deild eftir þetta ævintýri en komst fljótt í hóp þeirra bestu, lærði af mistökunum, byggði skynsamlega upp og hefur plukkað sig ótrúlega vel síðustu ár.



ÓTRÚLEGT GENGI Udinese hefur haldið sér í hópi bestu liða þrátt fyrir að vera ekki frá stórrí borg.

Arsenal í vandræðum

Fimm leikir fóru fram í enska bikarnum í gær og nokkur óvænt úrslit litu dagsins ljós. Manchester United vann góðan útsigur á Everton.


Fótbolti. Fjórða umferð ensku bikarkeppinnar hófst í gær með fimm leikjum. Enska úrvalsdeildarliðin Charlton og Fulham dattu úr keppni og hvorki Arsenal né Southampton náðu að slá neðri deildarlið úr keppni þó að þau væru á heimavelli. Wayne Rooney og félagar hans í Manchester United fögnuðu hinsvegar í endurkomu stráksins á Goodison Park.

Umdeildur dómur

Flestir bjuggust við að lið Arsenal ætti sigurinn vísan gegn lægra skrifuðu liði Sheffield United, en annað kom á daginn. Arsenal lék ekki með sitt sterkasta lið og varð fyrir áfalli eftir rúmlega hálf tíma leik, þegar þrúðmenninu Dennis Bergkamp var vikið af leikvelli fyrir stimpingar við mótherjana, sem var afar einkennilegur dómur. Það var þó Robert Pires sem kom heimamönnum yfir á 78. mínútu, en gestirnir náðu að krækja sér í vítaspyrnu á lokamínúttunni og jafna leikinn. Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, var ósáttur við rauða spjaldið sem Bergkamp fékk og ætlar að áfrýja dómnum. „Ég var mjög vonsvikinn að ná ekki að klára leikinn, en það gerði okkur erfitt fyrir að lenda manni undir svona snemma. Við gerðum svo mistök, sem ég skrifa á reynsluleysi, sem kostuðu okkur sigurinn,“ sagði Wenger.

Endurkoma Rooney

Wayne Rooney og félagar hans í Manchester United gerðu góða ferð á Goodison Park, þar sem Rooney lék lengi með Everton, og höfðu sigur 2-0. Það var enginn annar en Suður-Afríkumaðurinn Quinton Fortune sem kom United á bragðið með frábærum skalla eftir góðan undirbúning Portugalans Christiano Ronaldo. Það var síðan



MÓTMÆLI BREYTA ENGU STRÁKAR MÍNIR Leikmenn Arsenal safnast hér kringum dómarmann Neil Barry eftir að hann hafði rekið Dennis Bergkamp útaf á 35. mínútu bikarleiks liðsins gegn Sheffield United í gær.

Ronaldo sjálfur sem skoraði síðara markið og tryggði sigur Manchester-liðsins. Rooney reyndi allt hvað hann gat til að skora gegn sínum gömlu félögum, en Nigel Martyn sá tvívegis við honum í marki Everton. Áhorfendur á Goodison létu ófriðlega og köstuðu meðal annars smápeningi í höfuð Roy Carroll, markvarðar United, og gæti það orðið Everton-liðinu dýrkeypt.

Charlton og Fulham úr leik

Úrvalsdeildarlið Charlton var ekki eins heppið og Arsenal því þeir voru slegnir út úr keppninni af fyrstu deildarliði Leicester City. Það var Nikos Dabizas sem kom

gestunum yfir í fyrri hálfleik en Shaun Bartlett náði að jafna undir lok hálfleiksins fyrir dauft lið Charlton. Það var svo gamla kempmark Dion Dublin sem skoraði sigurmark gestanna á lokamínúttunni með skalla og verðskuldaður sigur Leicester í höfn. Southampton þarf að leika aukaleik við smalið Brentford eftir að hafa á ótrúlegan hátt gluttrað niður tveggja marka forystu á heimavelli sínum og voru í raun heppnir að sleppa með jafntefli 2-2 gegn spræku liði gestanna. Þá hafði Bolton sigur á Fulham, 1-0, í tilþrífalítum leik úrvalsdeildarliðanna, þar sem Kevin Davies skoraði sigurmarkið snemma leiks.

Carmelo sló LeBron við í nýliðaleik NBA-deildarinnar:

Anthony loksins stjarnan

KÖRFUBOLTI Nýliðaleikur NBA-körfuboltans fór fram í Denver í nótt þar sem úrvalslið nýliða mætti úrvali leikmanna á öðru ári í deildinni.

Heimamaðurinn Carmelo Anthony fór fyrir úrvali leikmanna á öðru ári og átti stóran þátt í sigri þess á nýliðunum, 133-106. Melo, eins og Anthony er oftast kallaður, skoraði 31 stig, þar af 17 í fyrri hálfleik, og var valinn besti maður leiksins en hann nýtti 13 af 18 skotum sínum í leiknum.

„Þetta fer á ferilskrána,“ sagði Melo og bætti því við að hann væri ekkert svekktur yfir að vera ekki valinn í Stjórnuliðið.

„Þetta er bara annað árið mitt í deildinni og ég ætla mér að vera hér um okomin ár. Ég fer ekki fer.“

Lebron James og Dwayne Wade hafa vakið mun meiri lukku hjá sínum leikjum en Anthony en þetta var kvöldið hans. James skoraði 20 stig og Wade var með 12 stig og 9 stoðsendingar en auk þess var Chris Bosh með 26 stig og 14 fráköst og Kyle Korver skoraði 21 stig.

Hjá nýliðunum sem áttu aldrei möguleika í seinni hálfleiknum, skoruðu þeir Tony Allen Luol Deng og Al Jefferson allir 17 stig hver.

Stjörnuhátíðin í NBA körfuboltanum um helgina:

Stjörnurnar keppa í Denver

KÖRFUBOLTI Hinn árlegi stjörnuleikur í NBA-deildinni í körfubolta verður háður í Denver í Colorado í kvöld og þar verður margt um dýrðir eins og venjulega, en þessi hátíð er full af skemmtilegum viðburðum sem spanna alla helgina.

Auk stjörnuleiksins sjálfs eru á dagskrá leikur milli nýliða og annars árs leikmanna, leikur fræga fólksins, troðslukeppni, þriggja stiga skotkeppni og keppni í knattleikni. Þá er einnig skemmtileg keppni þriggja manna liða sem skipuð eru einum NBA-leikmanni, einum fyrirverandi NBA-leikmanni og einni konu úr WNBA-deildinni.

Það er yfirleitt stjörnuleikurinn sjálfur sem mesta athygli vekur, en undanfarnir ár hafa leikir fyrsta og annars árs strákanna þótt skemmtilegri og samkeppnin

þar þótt öllu meiri en hjá þeim eldri. Þá er troðslukeppni mjög vinsæl og hefur öðlast nýtt líf á síðustu árum eftir að nýir háloftaleikarar komu fram á sjónarsviðið. Athygli vekur að Amare Stoudemire tekur þátt í keppninni í ár, en hann verður í sviðsljósinu í stjörnuleiknum sjálfum.

Hann er mjög hávaxinn, sem er óvanalegt í þessari keppni, en kappinn er með mikinn stökkkraft og athyglisvert verður að sjá hvernig honum gengur. Í þriggja stiga skotkeppninni á Voshon Lenard titil að verja og tekur þátt í ár þrátt fyrir að hafa lítið sem ekkert getað leikið á tímabilinu vegna meidsla.

Í stjörnuleiknum er áherslan jafnan sett á létan og skemmtilegan sóknarleik og minna lagt upp úr vörninni, svo að leikirnir hafa yfirleitt verið hin besta



TVÆR OG HÁLF MILJÓN Yao Ming, kínverski leikmaður Houston Rockets, fékk flest atkvæði allra í kosningu í Stjórnulið NBA sem fer fram í kvöld.

skemmtun. Stigaskorið er jafnan hátt og mikið af troðslum, þriggja stiga skotum og ýmiss konar tilþrífum. Leikurinn byrjar klukkan hálf tvö eftir miðnætti og verður í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Sýn.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska bikarkeppnin

ARSENAL-SHEFF. UTD	1-1
0-1 Pires (78), 1-1 Gray, víti (90). Rautt spjald: Bergkamp (35).	
BOLTON-FULHAM	1-0
1-0 Davies (12).	
CHARLTON-LEICESTER	1-2
0-1 Dabizas (38), 1-1 Bartlett (45), 1-2 Dublin (90).	
SOUTHAMPTON-BRENTFORD	2-2
1-0 Camara (4), 2-0 Camara (36), 2-1 Rankin (40), 2-2 Sojde (58).	
EVERTON-MAN. UTD	0-2
0-1, Fortune (24), 0-2 Ronaldo (58).	

Enska 1. deildin

BRIGHTON-SUNDERLAND	2-1
1-0 Carpenter (26), 2-0 McCammon (43), 2-1 Arca (80).	
MILLWALL-STOKE	0-1
1-0 Jones (15).	
READING-COVENTRY	1-2
1-0 Ferdinand (8), 1-1 McSheffrey (63), 1-2 John (72).	
ROTHERHAM-DERBY	1-3
1-0 Butler, víti (24), 1-1 Rasiak (32), 1-2 Tudgay (47), 1-3 Idiakaz, víti (77).	
WEST HAM-PLYMOUTH	5-0
1-0 Harewood, víti (10), 2-0 McCormick, sjálfsm. (23), 3-0 Mackay (40), 4-0 Sheringham (76), 5-0 Sheringham, víti (84).	
WIGAN-LEEDS	3-0
1-0 Ellington (10), 2-0 Roberts (56), 3-0 Mahon (75).	
WOLVES-GILLINGHAM	2-2
0-1 Henderson (55), 1-1 Miller (60), 2-1 Clarke (90), 2-2 Flynn (90).	

STAÐA EFSTU LIÐA

IPSWICH	33	19	9	5	61-39	66
WIGAN	33	18	6	6	59-24	63
SUNDERL.	33	18	6	9	49-31	60
DERBY	33	16	6	11	49-41	54
PRESTON	33	15	8	9	47-44	53
WEST HAM	32	15	6	11	46-39	51
READING	33	14	9	10	39-32	51
SHEFF. UTD	31	13	9	9	39-39	48

Þýska úrvalsdeildin

B. MÜNCHEN-DORTMUND	5-0
1-0 Salihamidzic (5), 2-0 Makaay (7), 3-0 Pizarro (28), 4-0 Makaay (34), 5-0 Makaay (54).	
BOCHUM-FREIBURG	3-1
1-0 Mismovic, víti (33), 2-0 Kalla (55), 2-1 Aogo (88), 3-1 Bachmann (89).	
MAINZ-BIELEFELD	0-0

HAMBURG-KAISERSLAUTERN	2-1
1-0 Takahara (29), 2-0 Moreira (40), 1-2 Altintop (51).	
HANNOVER-WERDER BREMEN	1-4
0-1 Magnin (5), 0-2 Borowski (7), 1-2 Zurav (38), 1-3 Ernst (62), 1-4 Zidan (85).	
NÜRNBERG-B. LEVERKUSEN	2-4
0-1 Berbatov (3), 1-1 Mintal (30), 1-2 Ramelow (33), 2-2 Mintal (54), 2-3 Berbatov (60), 2-4 Krzynowek (79).	
WOLFSBURG-HANSA ROSTOCK	4-0
1-0 D'Allesandro (4), 2-0 Klimowicz (7), 3-0 Thiam (63), 4-0 Maric (83).	

STAÐAN

BAYERN M.	22	13	5	4	44-23	44
SCHALKE	21	13	2	6	33-26	41
W. BREMEN	22	12	4	6	49-26	40
LEVERK.	22	11	5	6	41-29	38
HSV	22	12	1	9	39-32	37
HERTHA	21	9	9	3	35-18	36
STUTTGART	21	10	5	6	39-28	35
WOLFSB.	22	11	0	11	39-35	33
HANNOVER	22	9	5	8	27-26	32
KAISERSL.	22	9	4	9	31-31	31
BIELEFELD	22	8	5	9	23-27	29
DORTMUND	22	7	7	8	24-30	28
NURNBERG	22	6	6	10	37-40	24
GLADBACH	21	6	6	9	25-35	24
MAINZ	22	6	5	11	27-37	23
BOCHUM	22	4	7	11	29-44	19
FREIBURG	22	3	7	12	18-44	16
ROSTOCK	22	2	7	13	18-47	13

Deildabikar karla

VÖLSUNGUR-KEFLAVÍK	1-2
1-0 Hermann Aðalgeirsson (14), 1-1 Sjálfsmark (25), 1-2 Hördur Sveinsson (40).	
HK-FRAM	2-0
1-0 Eypör Guðnason (3), 2-0 Eypör Guðnason (60).	
ÞÓR-BREIÐABLIK	1-4
0-1 Birgir Birgisson (16), 0-2 Kristján Óli Sigurgeirsson (18), 0-3 Olgeir Sigurðsson (46), 1-3 Frey Guðlaugsson (48), 1-4 Steinþór Þorsteinsson (90).	

Eypör Guðnason byrjar vel með HK en hann gekk til liðsins á dögunum frá Njarðvík. Fyrri markið skoraði Eypör eftir aðeins þrjár mínútur en bæði mörkin voru afar vel afgreidd af þessum 29 ára gamla sóknarmanni sem finnur sig greinilega vel í Fagralundi.

Keflavík vann sinn fyrsta leik undir stjórni Guðjóns Þórðarsonar en þetta var einnig fyrsti leikur Ómars Jóhannssonar eftir að hann sneri heim frá Svíþjóð og hann tryggði sínum mönnum sigurinn með því að verja vítaspyrnu Völsunga í síðari hálfleik.

ÚR ÍPRÓTTAHEIMINUM

Ron Dennis, yfirmaður McLaren-liðsins í Formúlu 1 kappakstrinum, viðurkenndi á dögnum að liðið hefði neitað **Michael Schumacher** um samning áður en hann gekk til liðs við Ferrari og hóf hina miklu sigurgöngu sem hefur einkennt Formúluna undanfarið ár. „Við höfðum tækifæri til að fá **Michael** í okkar raðir en afþökkuðum það,“ sagði **Dennis**. „Á þeim tíma fannst okkur þetta vera rétt ákvörðun, ég var hluti af því og sé ekkert eftir því. Í dag erum við heppnir að vera með tvo af fimm bestu ökuönnum heims.“ bætti **Dennis** við og átti þar við Finnann **Kimi Räikkönen** og Kólumbíu-manninn **Juan Pablo Montoya**.



Samtök NHL-leikmanna og samtök liðs-eigenda reyna nú hvað þau geta til að bjarga tímbilinu en **Gary Bettman**, forseti deildarinnar,

aflysti tímbilinu formlega á miðvikudaginn var. Sögur herma að leikmenn ætli að fallast á 45 milljón dollara launapak til að bjarga því sem bjargað verður. Fari samningaviðræður enn einu sinni út um þúfur verður NHL-deildin fyrst allra norður-amerískra deilda til að missa úr heilt tímabil vegna kjaradeilu.

Meistaraflokkur KR í knattspyrnu verður með leikmann frá Hondúras til reynslu frá og með 10. mars, **Joel Helmis Matute** að nafni. **Matute** leikur stöðu miðju- og varnarmanns og er örvættur. Hann verður til reynslu hjá KR í nokkra daga og verður boðinn samningur, takist honum vel upp. KR-ingar ætla að fá tvo til þrjá erlenda leikmenn fyrir komandi átök í sumar.

Arnar Jón fer í hjartaaðgerð í vor

Óvissa ríkir í herbúðum KR um hvort Arnar Jón Sigurgeirsson verður með KR í sumar.

FÓTBOLTI. Arnar Jón Sigurgeirsson, leikmaður meistaraflokks KR í knattspyrnu, mun gangast undir hjartaaðgerð í vor eftir skoðun sem hann fór í á síðasta ári.

„Það kom í ljós galli í fyrrasumar sem hefur líklega verið til staðar frá fæðingu. Hann lýsir sér þannig að það er opin fósturæð í hjartanu,“ sagði Arnar í samtali við Fréttablaðið. „Þetta er eitthvað sem á að lokast fljótlega eftir fæðingu en það hefur greinilega ekki gerst og er að koma í ljós fyrst núna. Læknarnir vilja laga þetta og það á ekki að vera neitt hættulegt.“

Samkvæmt Arnari er fylgst vel með ungbörnum í dag hvað þetta snertir. „Ef þetta lokast ekki fara menn mjög ungir í aðgerð en einhverra hluta vegna hefur þetta farið mjög leynt í mér þangað til í fyrra.“

Arnar sagðist ekki hafa fundið fyrir því að neitt væri í ólagi. „Það er bara gott mál að þetta skuli hafa komið í ljós. Ég fann í rauninni ekki fyrir neinu og þetta uppgötvadist fyrir tilviljun þegar ég fór í skoðun hjá lækni út af öðru máli. Hann heyrði eitthvað undarlegt er hann hlustaði mig og sendi mig til hjartalæknis. Ég hef í sjálfu sér ekkert fundið fyrir þessu.“

Arnar vonast til að komast í aðgerð í vor og ef allt gengur að óskum mun hann verða stálsleginn á nýjan leik fljótlega eftir aðgerðina. „Það er víst hægt að laga þetta í gegnum hjartaþræðingu og að henni lokinni á ég að geta gert allt sem mig langar til nokkrum vikum seinna. Það fer eftir því hversu langt það dregst hvort ég komist í form fyrir mótið. Það verður að sjálfsögðu að fylgjast með þessu

en ég hef ekki teljandi áhyggjur. Ég verð bara jafngóður og jafnvel betri eftir á,“ sagði Arnar Jón, áhyggjulítill um gang mála.

Ur herbúðum KR er það annars að fréttu af samningur liðsins við Kristín Hafliðason rann út í vor og að sögn Magnúsar Gylfasonar, þjálfara KR-inga, verður samningurinn ekki endurnýjaður.

smari@frettabladid.is

ARNAR JÓN EKKI MEÐ Arnar Jón Sigurgeirsson, til vinstri, gæti misst af tímabilinu í sumar vegna hjartaaðgerðar sem hann þarf að gangast undir.



Hvað skiptir þig máli í auglýsingum?

„upplýsingar“

Val fólksins á visir.is

Verðlaun fyrir athyglisverðustu auglýsingar ársins verða afhent á **Lúðrinum**, föstudaginn 25. febrúar.

Við gefum þér kost á að segja þitt álit og velja „bestu auglýsinguna“ á visir.is

Atkvæðamesta auglýsingin hlýtur titilinn „Val fólksins“ og fær sérstök verðlaun á hátíðinni, sem Fréttablaðið og visir.is veita.

Taktu þátt og greiðu atkvæði á visir.is

Nöfn vinningshafa verða birt á visir.is og í Fréttablaðinu 25. febrúar.

FRÉTTABLAÐIÐ

visir

Ferðaleikur Rásar 2 & Smyril-line

Sendu SMS skeytið **BTC FERD** á númerið 1900

4 ferðavinningar í boði Smyril-line Norræna **Fullt af aukavinningum**
Ferðavinningar verða dregnir út í beinni á Rás 2 dagana 7.–20.mars

149kr SMS-ið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. Vinningar afhendir í Smáralind, Kópavogi.

Bókunarmet

í bókunum sumarferða með Norrænu. Þökkum frábærar viðtökur.

Sumarbæklingurinn kominn út

Allt að **40%** lækkun

Stórlækkun fyrir þá sem ferðast á háannatímabili með Norrænu



Danmörk
26.200

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist í svefnpokaplássu.*
Verð frá kr. 31.900 á mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Lágannatímabil)*



Noregur
22.200

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í svefnpokaplássu.*
Verð frá kr. 27.200 pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Lágannatímabil)*



Færeyjar
16.200

Verð frá pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í svefnpokaplássu.*
Verð frá kr. 18.400 pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Lágannatímabil)*



Hjalltlands-eyjar
17.900

Verð frá pr. mann miðað við 4ra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Hjalltlandseyja og til baka. Gist í svefnpokaplássu.*
Verð frá kr. 21.700 pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Hjalltlandseyja og til baka. Gist í fjögurra m. klefa (inn). (Lágannatímabil)*



Bókaðu fyrir 15. mars og nýttu þér 10% aukaafslátt

Með því að nýta sér ferðaávisanir er hægt að fá enn meiri afslátt. Smyril Line tekur ferðaávisanir frá MasterCard, VR og Eflingu sem greiðslu upp í ferðir.

*Verð miðast við að bóka og staðfesta fyrir 15. mars.

AUSTFAR

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN

www.smyril-line.is

SMYRIL LINE ÍSLAND

Sætúni 8 • 105 Reykjavík • Sími: 570 8600 • Fax: 552 9450
www.smyril-line.is • email: info@smyril-line.is



25 ár frá dauða Bon Scott

Í gær voru liðin 25 ár frá því að Bon Scott, söngvari áströlsku rokksveitarinnar AC/DC, lést í Dulwich á Englandi. Scott hafði unnið hug og hjörtu ungmenna um allan heim fyrir líflega framkomu. Smári Jósefsson rifjar upp helstu afrek Scotts í rokkbransanum.

Ronald Belford Scott fæddist 9. júlí árið 1946 í smábænum Kirriemuir í Skotlandi. Scott var af músíkölsku bergi brotinn og smitaðist af tónlistaráhuga föður síns, Charles Scott, sem var trommuleikari.

Þegar pilturinn var sex ára gamall fluttist fjölskyldan til Ástralíu en Ronald fékk fljótlega viðurnefnið The Bonnie Scot sem seinna var stýtt í Bon. Strákurinn hafði mikinn áhuga á tónlist og eftir stutta viðkomu á píanói urðu trommurnar fyrir valinu. Það fór ekki á milli mála að athygli féll honum vel í geð og kom hann iðulega fram með skólahljómsveitum á sínum yngri árum.

Nám var Bon ekki að skapi og lagði hann það endanlega á hilluna 15 ára gamall. Fjölmörg miður spennandi störf biðu hans eftir það, sjómennska og dráttarvélaakstur svo eitthvað sé nefnt.

Hljómsveitin The Spectors var sú fyrsta sem fékk að njóta krafta

hans en Bon gekk til liðs við sveitina sem trymbill árið 1966, þá tvítugur að aldri. Bon stoppaði stutt við í The Spectors og réð sig sem söngvara í The Valentines ári síðar. Ekki þótti sú sveit hafa upp á mikið að bjóða hvað frumleika snerti og eftir að hljómsveitin lagði upp laupana lá leið Bon í blússveitina Fraternity. Meðlimir Fraternity voru öllu iðnari við kolann en The Valentines en höfðu þó ekki erindi sem erfiði. Bon Scott batt enda á dvöl sína með hljómsveitinni þegar hann lenti í slæmu mótorhjólslýsi og var í dái í þrjá daga.

Eftir að hafa rankað við sér bauðst Bon til að gerast bílstjóri fyrir unga sveit að nafni AC/DC. Hann hreifst strax af hljómsveitinni og þá sérstaklega af litla geðsjúklingnum í skólabúningnum, Angus Young, sem þeyttist sviðsenda á milli. Bon lét sér ekki nægja að taka stöðu trommarans Pete Clark í hljómsveitinni heldur sannfærði Angus og bróður hans, Malcolm Young, höfuðpaur AC/DC, um að hljómsveitin þyrfti á nýjum söngvara að halda. Young-bræðurnir voru á sama máli og var Bon fljótur að stinga upp á sjálfum sér í stöðuna í stað Dave Evans, sem upp-

fyllti ekki þær hugmyndir sem Young-bræðurnir höfðu um góðan rokksöngvara.

Klúr textasmíði Bon Scott smellpassaði við blússkotið rokk AC/DC og ekki skemmdi fyrir að hann þótti skemmtikraftur af guðs náð.

Leið hljómsveitarinnar lá nú ófluga upp á stjörnuhimininn og löng tónleikaferðalög tóku sinn toll þar sem sukk og svínari réð lögum og lofum. Þegar frægðarsól Bon Scott var farin að skína sem hæst eftir meistaraferkið Highway to Hell reið harmurinn yfir.

Að kvöldi 18. febrúar 1980 fór Bon Scott ásamt vini sínum, Alistair Kinnear, á næturlangt sukk í London en þar vann AC/DC hörðum höndum að nýrri plötu. Þegar heim var komið gat Kinnear ekki vakið Bon og skildi hann eftir sofandi í bílnum fyrir utan heimilið sitt í Dulwich. Þegar að var komið daginn eftir var Bon meðvitundarlaus. Félagi hans brunaði með hann á Kings College sjúkrahúsið, þar sem söngvarinn var úrskurðaður látinn. Rokkheimurinn syrgði lengi eftir fráfall Bon og enn þann dag í dag lifa lög Bon Scott góðu lífi á tónleikum AC/DC og andi hans aldrei langt undan hjá unnum sveitarinnar. ■



BON SCOTT Hann var þekktur fyrir líflega framkomu, hvort sem var á sviði eða í einkalífnum. Lög Scotts lifa góðu lífi enn þann dag í dag.

Ég er eldingin í miðjunni

Bon Scott hafði óbeiti á flestum starfsmönnum plötufyrirtækja og því bransafólki sem var sífellt í kringum AC/DC. Eftir vel heppnaða tónleika í Bandaríkjunum gaf einn starfsmaður Sony sig á tal við Scott, yfir sig hrifinn af frammistöðu hljómsveitarinnar. „Þetta var frábært en segðu mér, hvort ert þú AC eða DC?“ spurði starfsmaðurinn, fremur glórolaus. „Hvorugt,“ svaraði Scott. „Ég er eldingin í miðjunni!“ bætti hann við og gaf kappanum einn á lúðurinn.

Botnlangakast á tónleikum

